



Flugmálastjórn Íslands

Flugslysæfing



Sauðárkrókur 2001



Inngangsorð.

Flugslysaæfingin “Sauðárkrókur 2001” fór fram 28. apríl 2001. Fyrir æfinguna hafði farið fram mikill og ítarlegur undirbúningur allra aðila heima í héraði ásamt undirbúningi utanaðkomandi aðila. Þegar í upphafi var ljóst að þessi undirbúningur hafði skilað sér vel, því æfingin fór frábærlega vel af stað. Greinilegt að liðið var topp þjálfað og gekk hver maður í sitt hlutverk fumlaust og af öryggi.

Þegar æfingin var að komast í fullan gang varð sá hörmulegi atburður að slökkviliðsmaður fékk hjartaáfall við störf sín og þrátt fyrir að á staðnum væru hæfustu læknar, hjúkrunarfræðingar og besti tækjabúnaður þá varð honum ekki bjargað og lést hann skömmu síðar á sjúkrahúsi. Þessi atburður hafði djúp áhrif á alla viðstadda og var æfingunni þegar aflýst. Í framhaldinu voru allir sem tóku þátt í æfingunni kallaðir saman og farið var yfir atburði og haldin minningarstund. Viðbrögð heimamanna við þessum atburði voru aðdáunarverð. Það hversu vel menn brugðust við og hvernig haldið var utan um allan eftirmála sýndi enn frekar að á Sauðárkróki starfa fagmenn í fremstu röð og eru þeir héraðinu til sóma.

Þrátt fyrir þetta atvik var æfingin alls ekki til ónýtis þó ekki hafi tekist að klára hana. Eins og alltaf þá koma fram einhverjir hnökrar enda eru svona æfingar gerðar með það að markmiði að finna veikleika í kerfinu. Í framhaldinu var æfingin og undirbúningur hennar vandlega yfirfarin. Hér í þessari skýrslu birtast þær niðurstöður og tillögur til úrbóta sem menn voru sammála um að væru réttmætar.

Það er skoðun okkar að æfingunni sé ekki fyllilega lokið fyrir en tillögur til úrbóta hafa verið kynntar öllum sem við á. Í kjölfarið fái þær faglega umfjöllun hlutaðeigandi aðila og verði framkvæmdar.

Flugmálastjórn mun í samvinnu við undirbúningshópinn og heimamenn beita sér fyrir framkvæmd úrbótanna eftir því sem við verður komið.

Undirritaður vill þakka öllum þeim fjölmörgu stofnunum, fyrirtækjum, björgunarsveitum og einstaklingum er tóku þátt í æfingunni, fyrir framúrskarandi samvinnu og óeigingjarnt starf sem gerði æfinguna mögulega. Það er von mín að æfingin og undirbúningur hennar hafi verið gagnleg og lærdómsrík fyrir alla sem að henni stóðu.

Fjölskyldu hins látna og Sauðkrækningum öllum vil ég votta mína dýpstu samúð.


Reykjavík 27. desember 2001.

Hallgrímur N. Sigurðsson
æfingarstjóri



Efnisyfirlit.

Bls.	
5	Inngangsorð
9	Almenn lýsing æfingar, vinnutilhögun og framkvæmdastjórn
23	Niðurstöður
35	Almannavarnir - Aðgerðarstjórn - Vettvangsstjórn
39	Fjarskipti
43	Heilbrigðisþjónustan
51	Fjöldahjálp
80	Flugslysarannsókn
88	Flugstöð og flugturn
102	Björgunarsveitir
108	Önnur fylgiskjöl



Kafli 1

Almenn lýsing æfingar, vinnutilhögun og framkvæmdastjórn

Flugslysæfingin Sauðárkrókur 2001

Framkvæmdastjórn

Nafn	Sími	E-mail	Vinnustaður
Ágúst Svansson	897 5501	gusti@rls.is	Ríkislögreglustjóri
Árman Petursson	896 0400	armann.petursson@shs.is	Almannavarnir Reykjavík
Ása Jakobsdóttir	869 3263	asajak@ismennt.is	Rauði kross Íslands
Bára Benediktsdóttir	862 1780	baraben@landspitali.is	Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogi
Bergþór N. Bergþórsson	897 9522	bergthor@caa.is	Flugmálastjórn
Birgir Finnsson	894 5422	birgir.finnsson@shs.is	Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Björn Gíslason		bjorgn@sr.rvk.is	Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Björn Mikaelsson	892 1609	bjorn.mikaelsson@tmd.is	Yfirlögregluþjónn Sauðárkróki
Carlos Ferrer	868 9131	carlos.ferrer@kirkjan.is	Biskupsstofa - sóknarprestur
Egill Bjarnason	898 8420	egill.bjarnason@tmd.is	Yfirlögregluþjónn Hafnarfirði
Egill Þórðarson		et@caa.is	Flugmálastjórn
Einar Ó. Karlsson	866 1776	heimsborgari@simnet.is	Lögreglan á Keflavíkurflugvelli
Erlendur Magnússon	693 1205	erlendur@lina.net	Lína.Net
Friðfinnur Freyr Guðmundsson	862 7006	fridfinnur@landsbjorg.is	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Guðbjörg Pálsdóttir	895 5804	guggap@landspitali.is	Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogi
Guðmundur Guðjónsson	893 1167	gudmundurg@rls.is	Yfirlögregluþjónn - Ríkislögreglustjóri
Hallgrímur Sigurðsson	893 3636	halli@caa.is	Flugmálastjórn (Æfingastjóri)
Heimir Már Petursson		heimirm@caa.is	Flugmálastjórn
Herdís Sigurjónsdóttir	899 2456	herdis@redcross.is	Rauði kross Íslands
Hólmgrímur Svanur Elísson	569 9149	svanur.elisson@lr.is	Ríkislögreglustjóri
Jón Baldursson	891 8935	jonbald@landspitali.is	Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogi
Jón Baldvin Pálsson	898 0098	jonb@caa.is	Flugmálastjórn
Jón Bjartmarz	899 7824	jfb@rls.is	Ríkislögreglustjóri
Jón Þ. Jónsson	863 3399	jon@lina.net	Lína.Net
Jónas Hallsson	899 8720	jonas.hallsson@lr.is	Lögreglan í Reykjavík
Kjartan Blöndal			Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Kristján H. Kristjánsson	899 7805	khk@rls.is	Ríkislögreglustjóri
Kristján Torfason	893 1165	kristjan@caa.is	Flugmálastjórn
Margrét Blöndal			Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogi
Oddur Eiríksson	897 3555	oddure@simnet.is	Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins
Óskar Óskarsson	855 2878	brunskag@krokur.is	Slökkviliðsstjóri Sauðárkróki
Phil Kent	860 0206		IDF
Skúli Björnsson	869 7943	skuli@dc.is	Lögreglan á Keflavíkurflugvelli
Sólveig Þorvaldsdóttir	898 1194	solveig@avrik.is	Almannavarnir Ríkisins
Steinar Steinarsson	897 2937	steinarst@islandia.is	Rannsóknarnefnd flugslysa
Viðar Björgvin Tómasson	898 7392	bjorgvin@nortek.is	Rauði kross Íslands
Víðir Reynisson	864 1759	vidir@avrik.is	Almannavarnir Ríkisins
Þorsteinn Þorkelsson	899 9064		Slysavarnafélagið Landsbjörg



HÓPSLYSAÆFINGIN

Sauðárkrókur 2001

LÝSING og TILGANGUR

Heiti æfingar: SAUÐÁRKRÓKUR 2001

Staðsetning: Suðurendi flugbrautar 01 og sunnan og austan við Víkina

Tímasetning: 28. apríl 2001 kl. 1400-1800

Pátttakendur: Sýslumannsembætti, Lögreglan, Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki, Slökkviliðið, Flugturn, Skagfirðingasveit, Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð, Björgunarsveitin Grettir, Áhaldahúsið, Flugmálastjórn Reykjavík, stjórnstöð Landhelgisgæslu, Landspítalinn í Fossvogi, AVRIK, AVS, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Rauði kross Íslands, Íslandsflug, Rannsóknarnefnd flugslysa, Kennslanefnd Ríkislögreglu, Ríkislögreglustjóraembættið og ýmis lögregluembætti af SV-landi, Sóknaprestar og aðrir ef við á.

Lýsing æfingar: Kl. 14:00 tilkynnir flugturn að flugslys hafi orðið í aðflugi inn á braut 01. Flugvél af gerðinni ATR42 undirskaut brautina og skall niður sunnan við Víkina og brotnaði í nokkra hluta. Mikill eldur er á slysstað. Um borð í vélinni eru 47 farþegar og 3 manna áhöfn (láttnir verði 6, slasaðir 34, óslasaðir 10.). Síðar kemur einnig í ljós samkvæmt farmskrá, að í farangri vélarinnar eru hugsanlega eiturefni.

Tilgangur æfingarinnar er að æfa eftirfarandi atriði:

- Útkall samkvæmt skipulagi.
- Samstarf allra aðila sem koma að hópslysi sem þessu.
- Slökkvistarf.
- Meðhöndlun eiturefna.
- Reykköfun
- Innri og Ytri lokun ásamt tryggingu vettvangs.
- Sérhæfða stjórnun verkeininga á vettvangi.
- Framkvæmd einstakra þátta sem heyra undir vettvangsstjóra.
- Flutning vettvangsstjórnar frá einum manni til annars.
- Frumgreiningu slasaðra.

- Skyndihjálþ.
- Fjöldahjálþ
- Sálræn skyndihjálþ
- Flutning slasaðra.
- Hópslysaáætlun héraðsins.
- Hópslysaáætlun Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki.
- Fjarskipti.
- Verndun vettvangs með tilliti til flugslysarannsóknar.
- Viðbrögð flugrekstraraðila við flugslysi.
- Störf kennslanefndar.
- Aðgerðaskipulag Almannaþingarinnar
- Uppsetning loftbrúar
- Skráning slasaðra
- Samskipti Vettvangsstjórnar, Aðgerðastjórnar og Samræmingastjórnar AVRIK (stjórnstöð)
-



Sauðárkrókur 2001

Æfingastjóri: Hallgrímur Sigurðsson Flugmálastjórn S: 893 3636 (halli@caa.is)

VINNUHÓPAR

~~~ HÓPUR 1 – AÐGERÐARSTJÓRN ~~~

Verkefni	Staður
Samræmingastjórnstöð AVRIK - Almannavarnarnefnd/Aðgerðastjórn - Yfirferð viðbúnaðaráætlananna - Útkall/boðun.	Slökkvistöð

Mönnun	
Víðir Reynisson	AVRIK - Hópstjóri
Jónas Hallsson	Lögreglan í Reykjavík
Ármann Pétursson	Almannavarnir í Reykjavík
Ríkarður Másson	Sýslumaður
	Aðgerðastjóri
	Aðgerðastjórn
	Aðrir eftir þörfum

~~~ HÓPUR 2 – VETTvangsSTJÓRN ~~~

Verkefni	Staður
Vettvangsstjórn - Stjórnun - Áætlanir - Bjargir - Framkvæmdir.	Lögreglustöð

Mönnun	
Jón Bjartmarz	Embætti ríkislögreglustjóra - Hópstjóri
Sólveig Þorvaldsdóttir	AVRIK
Ágúst Svansson	Embætti ríkislögreglustjóra
Birgir Finnsson	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Grímur Grímsson	Lögreglan í Reykjavík
Jónína Sigurðardóttir	Embætti ríkislögreglustjóra
	Vettvangsstjóri
	Vettvangsstjórn
	Yfirlögregluþjónar
	Aðrir eftir þörfum (lögreglumenn, björgunarsveitir)

~~~ HÓPUR 3 – HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA ~~~

Verkefni	Staður
Sjúkra og fjöldahjálp, Greining, Meðferð, Forgangsröðun sjúkraflutninga, Söfnun óslasaðra, Förðun, Hópslysaáætlanir.	Sjúkrahús Föstudaginn 27.4.01 kl. 17:30 Sveinsbúð

Mönnun	
Jón Baldursson,	Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogi - Hópstjóri
Guðbjörg Pálsdóttir	Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogi
Bára Benediktsdóttir	Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogi
Oddur Eiríksson	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
	Læknir
	Aðrir eftir þörfum (starfsfólk sjúkrahúsa og heilsugæslu, björgunarsveitir, Rauði Krossinn)

~~~ HÓPUR 4 – FJÖLDAHJÁLP ~~~

Verkefni	Staður
Fjöldahjálp, Upplýsingaþjónusta um afdrif fórnarlamba, Sálræn skyndihjálp.	Skrifstofa RKÍ

Mönnun	
Herdís Sigurjónsdóttir	Rauði kross Íslands – Hópstjóri
Ása Jakobsdóttir	Rauði kross Íslands
Carlos Ferrer	Biskupsstofa
Viðar Björgvin Tómasson	Rauði kross Íslands
	Hjúkrunarfræðingar
	Prestar.

~~~ HÓPUR 5 – FLUGVALLARSTARFSMENN ~~~

Verkefni	Staður
Þátttaka starfsfólks flugfélaga, starf flugvallarstarfsmanna.	Flugstöð

Mönnun	
Jónas Hallsson	Lögreglan í Reykjavík – Hópstjóri
Kristján Torfason	Flugmálastjórn
Egill Þórðarson	Flugmálastjórn
Ingibergur Einarsson	Flugmálastjórn
	Starfsmenn flugrekenda

~~~ HÓPUR 6 – SLYSARANNSÓKN ~~~

Verkefni	Staður
Flugslysarannsóknir	Lögreglustöð Sveinsbúð

Mönnun	
Steinar Steinarsson	Rannsóknarnefnd flugslysa - Hópstjóri
Guðmundur Guðjónsson,	Embætti ríkislögreglustjóra - Fulltrúar kennslanefndar
Svanur Elísson	Lögreglan í Reykjavík
	Rannsóknarlögregla
	Björgunarsveitir

~~~ HÓPUR 7 – BRUNAVARNIR ~~~

Verkefni	Staður
Undirbúningur slysavettvangs, brunavarnir, reykköfun, eiturefni.	Slökkvistöð (Salur) Flugvöllur Sveinsbúð

Mönnun	
Ármann Pétursson	Almannavarnir í Reykjavík - Hópstjóri
Björn Gíslason	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Steinar Steinarsson	Fulltrúi Rannsóknarnefndar flugslysa
Bjarni Sighvatsson	Flugmálastjórn
	Aðrir eftir þörfum.

~~~ HÓPUR 8 – SJÁLFBODALIÐAR ~~~

Verkefni	Staður
Samskipti við sjálfboðaliða og förðun.	FNV

Mönnun	
Oddur Eiríksson	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins - Hópstjóri
	Hjálpasveitir
	RKÍ
	Aðrir eftir þörfum

~~~ HÓPUR 9 – FJARSKIPTI ~~~

Verkefni	Staður
Fjarskipti	Flugvöllur Slökkvistöð Lögreglustöð Sjúkrahús Sveinsbúð Annars staðar eftir þörfum

Mönnun	
Ágúst Svansson	Embætti ríkislögreglustjóra – Hópstjóri
Kjartan Blöndal	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Jón Þ. Jónsson	Lína.Net
Erlendur Magnússon	Lína.Net
Viðar Björgvin Tómasson	Rauði kross Íslands
Kristján Torfason	Flugmálastjórn
Hafþór Jónsson	AVRIK
	Lögreglumenn
	Hjálpasveitir
	Aðrir eftir þörfum.

~~~ HÓPUR 10 – SKRÁNING FÓRNARLAMBA ~~~

Verkefni	Staður
Skráning fórnarlamba	Lögreglustöð Skrifstofa RKÍ

Mönnun	
Guðmundur Guðjónsson	Embætti ríkislögreglustjóra – Hópstjóri
Kristján Kristjánsson	Embætti ríkislögreglustjóra
Steinar Steinarrson	Rannsóknarnefnd flugslysa
Víðir Reynisson	AVRIK
Bára Benediktsdóttir	Landspítali háskólasjúkrahús Fossvogi
	Lögreglumenn
	RKÍ
	Aðrir eftir þörfum.

~~~ HÓPUR 11 – FJÖLMIÐLAR ~~~

Verkefni	Staður
Samstarf við fjölmiðla	Lögreglustöð Slökkvistöð Sjúkrahús RKÍ

Mönnun	
Heimir Már Pétursson	Flugmálastjórn - Hópstjóri
Pórir Guðmundsson	RKÍ
Jónas Hallsson	Lögreglan í Reykjavík
	Sveitastjóri
	Lögreglumenn
	Fulltrúar fjölmiðla
	Aðrir eftir þörfum.

~~~ HÓPUR 12 – STÖRF BJÖRGUNARSVEITA ~~~

Verkefni	Staður
Fyrsta hjálp á slysstað Aðkoma björgunarsveitarmanna á slysstað Hlutverk svæðisstjórna í vettvangsstjórn	

Mönnun	
Friðfinnur Freyr Guðmundsson	Landsbjörg - Hópstjóri
Þorsteinn Þorkelsson	Landsbjörg
Anna S. Vernharðsdóttir	Landsbjörg
Árni Birgisson	Landsbjörg
	Aðrir eftir þörfum.

Aðrir vinnuhópar verða myndaðir ef þess er talin þörf.



HÓPSLYSAÆFING

SAUÐÁRKRÓKUR 2001

Dagskrá

Fimmtudagur 26. apríl

Kl.

09:30	Æfingin sett í fundarsal Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra (FNV), þátttakendur kynntir.
10:00	Handrit og fyrirkomulag æfingarinnar yfirfarið.
10:30	Settir saman vinnuhópar og hópastarf hefst.
12:00	Matarhlé – Hádegisverður framreiddur í Ólafshúsi, Aðalgötu 15. Tvíréttað og súpa. Verð kr. 900.-
13:00	Starfað áfram í vinnuhópum.
16:00 til 18.00	Anna S. Vernharðsdóttir – Fyrstahjálpi (fyrirlestur). Upprifjun, áverkaferli, skráning, fluttningur ofl. Fyrir björgunarsveitir
17:00	Sameiginlegur fundur skipuleggjenda æfingarinnar í sameiginlegum fundarsal. (hópstjórar)
18:30	Matarhlé – Kvöldverður framreiddur í Ólafshúsi, Aðalgötu 15. Verð kr. 900.

Kl.	Fræðsludagskrá opin fyrir þátttakendur og almenning	Staðsetning
19:30	Erindi: Heimir Már Pétursson. Aðkoma fjölmiðla að hópslysum	Fjölbrautaskóli
20:00	Erindi: Jón Baldursson Greining, forgangsröðun og merking sjúklinga í hópslysi	Fjölbrautaskóli
20:30	Erindi: Bára Benediktsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir Skoðun og fyrsta meðferð á vettvangi	Fjölbrautaskóli
21:00	Verklegar æfingar í skoðun og mati:	Fjölbrautaskóli

	Bára Benediktsdóttir og Guðbjörg Pálsdóttir	
21:00	Erindi: Carlos Ferrer og Herdís Sigurjónsdóttir Sálræn skyndihjálp	Fjöldahjálparstöð

Að auki verða sýndar fróðlegar vide myndir samtímis á sjónvarpsskjá í öðrum sal, s.s. flugslys B737 við Manchester í Englandi, flugumferðarstjórn á Norður-Atlantshafi o.s.frv. Einnig verða sýndar ljósmyndir frá fyrri flugslysæfingum.

Föstudagur 27. apríl

Kl.

09:00	Unnið í vinnuhópum
12:00	Matarhlé – Hádegisverður framreiddur í Ólafshúsi, Aðalgötu 15. Tvírittað og súpa. Verð kr. 900.-
13:00	Sameiginlegur fundur skipuleggjenda æfingarinnar í fundarsal. (hópstjórar)
13:30	Unnið í vinnuhópum
16:00 til 17:30	Árni Birgisson – Aðkoma björgunarsveita á slysstað (fyrirlestur). Farið yfir fyrstu aðgerðir og vinnuferli björgunarsveita þegar komið er á slysavettvangi. Fyrir björgunarsveitir
16:30	Sameiginlegur fundur skipuleggjenda æfingarinnar í fundarsal. (hópstjórar)
18:30	Matarhlé – Kvöldverður framreiddur í Ólafshúsi, Aðalgötu 15. Tvírittað og súpa. Verð kr. 900.
20:00	Unnið áfram að skipulagningu í vinnuhópum gerist þess þörf.

Kl.	Fræðsludagskrá opin fyrir þátttakendur og almenning	Staðsetning
20:00	Erindi Rannsóknarnefndar Flugslysa: Steinar Steinarsson <ul style="list-style-type: none"> • Saga flugslysa og óhappa á norðurlandi. • Svarti kassinn (flugritarnir). • Umgengni björgunarmanna um slysavettvang flugslysa. 	
21:00	Erindi frá Flugmálastjórn: Hallgrímur Sigurðsson <ul style="list-style-type: none"> • Flugslys við Höfn 10 ágúst 1998. (hugsanlega verður annað dæmi um 	

	flugslýs tekið fyrir)	
21:30	Erindi frá Lína.Net: Jón P. Jónsson og Erlendur Magnússon TETRA	
22:00	Almennar umræður og fyrirspurnir.	
22:30	Dagskrá lokið.	

Að auki verða sýndar fróðlegar videomyndir samtímis á sjónvarpsskjá í öðrum sal, s.s. flugslýs B737 við Manchester í Englandi, flugumferðarstjórn á Norður-Atlantshafi o.s.frv. Einnig verða sýndar ljósmyndir frá fyrri flugslýsaæfingum.

Erindin eru opin öllum almenningi.

Laugardagur 28. apríl

09:00 – 12:00	Uppsetning vettvangs
09:00 – 13:30	Förðun sjúklinga
11:30 – 12:00	Lokafundur hópstjóra í fundarsal.
12:00	Matarhlé – Hádegisverður framreiddur í Ólafshúsi, Aðalgötu 15. Tvíréttað og súpa. Verð kr. 900.-
14:00	Æfing hefst
15:30	Fyrri þrepi æfingarinnar lýkur. (Verður skýrt nánar)
18:00	Æfingu lýkur
19:00	“Sundnámskeið í sundlaug Sauðárkróks.”
20:30	Kvöldverður í fínni kantinum framreiddur í Ólafshúsi, Aðalgötu 15. Sjávarréttarsúpa að hætti hússins. Sinnepristað lambafile m/ristuðum kartöflum og sykursoðnu grænmeti. Kaffi og konfekt. Lifandi músík til kl. 03:00. Verð kr. 1.500.-

Sunnudagur 29. apríl

12:00	Hádegisverður framreiddur í Ólafshúsi, Aðalgötu 15. Verð kr. 950.-
13:00-15:00	Rýni “Debriefing” fundur í Fjölbrautaskólanum. Æfingin yfirfarin. Öllum þátttakendum í æfingunni er boðið til fundarins og þeir hvattir til að mæta svo draga megi lærdóm af æfingunni og tryggja eftirfylgni.



Kafli 2

Niðurstöður

Sauðárkrókur 2001

Tillögur til úrbóta

Aðgerðastjórn

- ⇒ Takmarka þarf hávaða og utanaðkomandi truflanir. Þetta má t.d. gera með að skipta vinnurými með skilrúmunum, velja mönnum stað eftir verkefnum, t.d. hafa þá sem nota faxtækið mest nálægt því, takmarka hringingar GSM síma og forðast köll á milli enda í stjórnstöðinni.
- ⇒ Takmarka þarf fjölda áhorfenda. Því er nauðsynlegt að á komandi æfingum verði aðgengi áhorfenda og eftirlitsaðila miðað við það rými sem unnið er í.
- ⇒ Þróa áfram skipulag loftflutninga í samvinnu við Flugmálastjórn
- ⇒ Tryggja að allir sem að æfingunni koma þekki reglur um upplýsingagjöf og þekki það viðbragðsskipulag sem fyrir er á hverjum stað.

Vettvangsstjórn

Lögregla

Heilbrigðisþjónusta

- ⇒ Halda áfram með gerð hópslysaáætlunar og þjálfun starfsfólks HS í
 - Sérhæfðri endurlífgun (ACLS)
 - Fyrstu meðferð slasaðra (BTLS)
 - Almennri skyndihjálpi
 - Fjarskiptum

- ⇒ Endurskipuleggja útkall læknis og sjúkrabíls gegnum 112. Lagt er til að sjúkrabíll fari strax af stað og læknir komi á vaktbílnum á slysstað
- ⇒ Bæta merkingar innganga HS
- ⇒ Æfa áfram hlutverk heilbrigðisstarfsmanna í hópslysviðbúnaði (með kynningu á hópslysaáætlun og skrifborðsæfingu)
- ⇒ Þjálfa saman heilbrigðisstarfsmenn og aðra björgunaraðila (reglubundnar æfingar)
- ⇒ Endurskipuleggja og bæta greiningasveitarbúnaðinn í samvinnu við Landspítala háskólasjúkrahús
- ⇒ Kaupa handtalstöð fyrir greiningasveit
- ⇒ Huga strax að nýtingu flutningstækja á vettvangi
- ⇒ Þjálfa leikmenn í skyndihjálp
- ⇒ Útvega síma fyrir alla meðlimi áfallstuðningsteymis Skagafjarðar
- ⇒ Endurskoða aðstöðu fyrir aðstandendur á HS
- ⇒ Nauðsynlegt er að hafa reglulegar skrifborðsæfingar áfallstuðningsteymis Skagafjarðar í samvinnu við Rauða kross deildina
- ⇒ Þróa áfram skráningarkerfi og merkingu skjólstæðinga
- ⇒ Útbúa verklýsingu fyrir tengilið Rauða kross deildarinnar á sjúkrahúsi í samvinnu við hópslysanevnd sjúkrahúss.
- ⇒ Útbúa verklýsingu er varðar hlutverk sjálfboðaliða Rauða krossins í dyravörslu á sjúkrahúsi.

Brunarvarnir

- ⇒ Taka þarf á búnaði flugvallarstarfsmanna varðandi eldgalla og meiri þjálfun.
- ⇒ Meta þarf hvort ekki sé gert ráð fyrir lendingu of stórra flugvéla á vellinum miðað við slökkvímátt slökkvibíls.

Rauði kross Íslands

- ⇒ Starfsmaður RKÍ kanni reglulega kunnáttu heimamanna í skyndihjálp og hvetji til endurmenntunar
- ⇒ Nauðsynlegt er að hafa reglulegar skrifborðsæfingar Rauða kross deildarinnar í samvinnu við áfallastuðningsteymi Skagafjarðar
- ⇒ Varast ber að ganga frá hlutverki sjálfboðaliða í fjöldahjálpar fyrir æfinguna.
- ⇒ Hefja fræðslu og fyrirlestra fjöldahjálpar fyrir sjálfboðaliða Rauða krossins eftir kl. 17:00
- ⇒ Setja inn í neyðarvarnaáætlun að möguleiki sé á annarri aðkomu í fjöldahjálparstöðinni, eins og gert var á æfingunni.
- ⇒ Æskilegt væri að vera með fast fax á skrifstofu í stjórnstöð neyðarnefndar Rauða kross deildarinnar.
- ⇒ Þjóða öllum sjálfboðaliðum Rauða krossins upp á fjölmiðlaþjálfun fyrir æfingar.
- ⇒ Halda litla skráningaræfingu fyrir flokkstjóra fyrir og eftir æfingu.
- ⇒ Stofnaðir verði samráðshópar um áfallaaðstoð á hverjum stað á landinu. Hópurinn verði skipaður fulltrúa heilbrigðisstofnunarinnar, áfallahjálparteymisins (þar sem það er fyrir hendi), Rauða krossinum og presta, auk starfsmanna félagsþjónustu og skóla á hverjum stað.

Hlutverk hópsins yrði að fara reglulega yfir viðbúnað svæðisins. (Er í vinnslu).

- ⇒ Auka samvinnu við presta á hverjum stað.
- ⇒ Upplýsa presta á staðnum um þeirra þátt í neyðarvarnarskipulagi Rauða kross Íslands og kynna þeim neyðaráætlun Rauða kross deildar á hverjum stað.
- ⇒ Tryggja þátttöku héraðspresta á neyðarvarnaáætlun aðalskrifstofu RKÍ og hlutverki þeirra í áætluninni.
- ⇒ Gera ráð fyrir þátttöku presta í undirbúningi á sjúkrahúsa í fjöldahjálarástöðvum, á heimilum, í stjórnstöð RKÍ.
- ⇒ Ljúka við verklagsreglur vegna úrvinnslu fyrir sjálfboðaliða Rauða krossins og starfsfólk eftir útköll og æfingar.
- ⇒ Safna upplýsingum um aðstandendur "sjúklinga" fyrir æfinguna.
- ⇒ Starfsmenn Rauða krossins er taka þátt í æfingunni haldi reglulega stöðufundi, (stutt rapport) á öllum stigum æfingarinnar.

Flugmálastjórn og Flugfélag

- ⇒ Koma búnaði á vettvangi, s.s. teppum og börum, strax í notkun
- ⇒ Vélageymsla sé hrein og þannig útbúin að auðvelt sé að setja upp greiningastöð með stuttum fyrirvara. Í því felst m.a. að til staðar sé búnaður s.s. merkingar, búkkar og borð
- ⇒ Setja þarf upp salernisaðstöðu í vélageymslu
- ⇒ Tryggja skal að annað rými hússins sé ávallt snyrtilegt og tilbúið til notkunar með stuttum fyrirvara

- ⇒ Reglubundið eftirlit sé haft með tækjum og búnaði, s.s. bílum
- ⇒ Bæta hurðalæsingar í Flugstöð
- ⇒ Þjálfar þarf starfsmenn betur í slökkvistörfum.
- ⇒ Halda skal reglubundnar æfingar fyrir starfsmenn á flugvelli í brunavörnum
- ⇒ Nauðsynlegt er að til séu tveir eldvarnargallar
- ⇒ Kaupa þarf bát fyrir flugvöllinn
- ⇒ Ganga frá hvort óskað er eftir aðstoð Rauða kross fólki í skráningu á söfnunarsvæði slasaðra í séráætlun flugvallarins. Breyta áætlun sé þess óskað.
- ⇒ Setja í áætlun flugvallarins að gefa upplýsingar um upplýsingasíma neyðarnefndar Rauða kross deildar í Aðalgötu í símsvara flugvallarins.

Björgunarsveitir

- ⇒ Huga þarf að betri skipulagninu og stjórnun björgunarmanna á vettvangi

Fjarskipti

- ⇒ Setja upp loftnet á þaki stjórnstöðvar neyðarnefndar í Aðalgötu.
- ⇒ Taka ákvörðun um kaup á Tetra talstöðvum í stjórnstöð RKÍ í Efstaleiti.
- ⇒ Skrá talstöðvaeign Rauða kross deilda í stjórnstöð RKÍ. Hugsanlega komi þær upplýsingar einnig fram í neyðaráætlunum deilda.
- ⇒ Varast að nota bakskipulagstalstöðvar í nærveru annarra en hópstjóra.

Skráning

⇒ Samræma skráningarkerfi allra viðbragðsaðila.

Æfingastjórn

⇒ Útbúa varaáætlun fyrir alla viðbragðsaðila ef til slyss kemur.

Flugslysaæfingin Sauðárkrókur 2001.

Rýnifundur 29. apríl kl. 1300.

Hópur 1 – Aðgerðarstjórn - Víðir AVRÍK.

Undirbúningurinn var vel unninn og samviskusamlega unnið á æfingunni eftir gátlistum sem gerðir höfðu verið. En lítið rými var á slökkvistöðinni og óþarfa hávaði sem m.a. stafaði af mörgum GSM hringingum til stjórnenda sem olli truflunum.

Hópur 2 – Vettvangsstjórn - Jón Bjartmatrz Ríkislögreglustjóra.

Vettvangsstjórn gekk vel og skipulega fyrir sig, unnið var að ró og festu. Það urðu þó smávegilegir hnökrar á fjarskiptum í upphafi

Hópur 3 – Heilbrigðisþjónustan – Jón Baldursson SHR.

Frumgreining gekk vel og og fjarskipti voru greið.
Fyrsta hjálp gekk vel en teppi og börur á vattvangi voru ekki nýtt strax. TETRA fjarskipti voru góð og skráning var góð.
Áætlun um sjúklingafjölda var raunsæ og kom tímanlega.

Hópur 4 – Fjöldahjálp - Herdís Sigurjónsdóttir RKÍ.

Útkallið kom kl. 1425 en boðun gekk ekki upp.
Einni mínútu fyrir útkall var búið að hringja í neyðarnefndina. Hjá Rauða Krossinum runnu saman æfing og alvara þar sem dauðsfall var á æfinunni. Þegar að alvörunni kom opnaði fjöldahjálparstöð Rauða krossins sig sjálf, sjálfboðaliðar þustu að og leystu málin farsælega.
Í æfingunni tók flokksstjóri á flugvelli á móti tveim aðstandendum sem léku sitt hlutverk vel. Í æfingunni var fulltrúi Rauða Krossins í aðgerðarstjórn sem reyndist vel.
Vinna Rauða Krissdeildarinnar á Sauðárkróki hafi verið til fyrirmyndar.

Hópur 4 – Prestar - Carlos Ferrer Biskupsstofu.

Carlos sá um að boða út og samræma störf presta í Skagafjarðarprófastdæmi og gekk það starf vel.

Hópur 5 – Flugvallarstarfsmenn - Egill Þórðarson FMS.

Boðun um slysið gekk hratt og markvisst fyrir sig frá flugturninum. Nauðsynlegar lykilupplýsingar, þ.e. **hvaða vél** fórst, **hvar hún** fórst og **hve margir** voru um borð, kom strax fram í fyrstu upplýsingum um

slysið. Öll vinna í flugturninum gekk greiðlega fyrir sig. Í farþegaafgreiðslu var heldur lítið áreiti fólks og hefði starfsfólkið getað ráðið við mun meira áreiti, því þar var einnig vel að verki staðið.

Hópur 6 – Rannsóknarnefnd - Steinar Steinarsson RNF.

Boðun RNF gekk eðlilega og hefðu þeir getað fengið far með Fokker flugvél Landhelgisgæslunnar sem áætlaði brottför frá Reykjavík kl. 1600 og landingu Sauðárkróki kl. 1630.

Hópur 7 – Slökkvilið - Björn Gíslason Slökkvilið Höfuðb.sv.

Slökkvibíll flugvallarins kom fljótt á staðinn, en slökkvigeta hans er of lítil, því hvílir slökkvivinna ð mestu á herðum Slökkviliðsins á Sauðárkróki.

Hópur 8 - Auður

Þakkar sérstaklega fyrir gott samstarf og góða æfingu.

Hópur 9 – Fjarskipti - Ágúst Svansson, Ríkislögglutjóra

Fjarskiptin gengu mjög vel að undanskildum ruglingi á hugtökunum vettvangsstjóri og aðgerðarstjórn.

Hópur 10 - Söfnunarsvæði slasaðra - Guðmundur Guðjónsson Ríkisl.

Á söfnunarsvæði slasaðra voru öguð vinnubrögð og góð samskipti. Áhafnar og farþegalistar voru notðir til afstemmingar, sem Guðmundur taldi mjög gott.

Hópur-11 – Fjölmiðlar - Heimir M. Pétursson FMS.

Ein fréttatilkynning kom út á æfingunni og var vel unnin, t.d. kom þar fram hvenær vænta mætti næstu fréttatilkynningar.

Heimir fór þess á leit að sér yrði bætt á útkallslistann því fjölmiðlar kæmu að slysum hvort sem er og engin ástæða væri til að reyna að halda þeim utanvið atburðarásina.

Hópur-12 - Þeir voru farnir suður og því ekkert frá þeim.

Birgir Sveinsson vettvangsstjóri.

Hann sagði þetta hafa verið nýtt verkefni fyrir sig og hann hefði fundið sig svolítið í tómarúmi í upphafi, en það hafi horfið þegar hlutirnir fóru að gerast. Birgir nefndi að hann væri nýkominn af vettvangsstjóranámskeiði. Birgir vakti sérstaka athygli á því að lögreglan á Sauðárkróki hefði ekki fengið boðun um slysið frá neyðarlínunni fyrir en kl 1422.

Og einnig að SMS boðunarkerfi Neyðarlínunnar hefði brugðist illilega ngið boðun fyrir en þar sem boðun sumra aðila hefði tekið allt að 30 mínútur.

Æfingarstjóri - Hallgrímur Sigurðsson FMS.

Þakkar þátttakendum sérstakleg fyrir þessa æfingu því hann hafi ekki séð neina æfingu ganga jafn vel og þessa, eða a.m.k. hvernig hún fór af stað.

Flugslýsaæfingin Sauðárkrókur 2001.

Umræður í lok rýnifundar.

Söfnunarsvæði:

Þegar æfingunni var frestað virtist enginn halda utanum “sjúklingahópin” svo hann tvístraðist og hvarf.

Flutningur og bið, Haraldur:

Í kerru sem flugvallarstarfsmenn komu með voru engar merkingar til að forgangsraða í bílana sem fluttu sjúklinga frá slysstað að söfnunarsvæði slasaðra.

Sólveig Þorvaldsdóttir, Almannaþing Ríkisins:

Segist nú skipta um hatt og koma fram fyrir AVRÍK. Hún þakkar öllum sem að æfingunni komu fyrir vel unnin störf og segir slíka samvinnu sem hér hafi átt sér stað miklu skipta fyrir Almannaþing. Sólveig lýsir ánægju með að hafa fengið að vina með þessum hópi.

Birgir Gunnarsson, framkv.stj. Heilbrigðisstofnunar Skagafjarðar.

Birgir þakkar sérstaklega Flugmálastjórn og Jóni Baldurssyni lækni fyrir þeirra störf. Honum fanns að þeir tveir dagar sem nýttir voru fyrir æfinguna hafa verið mjög lærdómsríkir. Verkaskipting milli aðgerðarstjórnar og S.H. hafi verið lærdómsrík og mál komist í réttan farveg.

Ingimar Eydal, slökkviliðsmaður frá Akureyi.

Segir að Slökkvilið Akureyrar hafi tekið að sér verktöku við að þjálfa flugvallarstarfsmenn á Akureyrarflugvelli. Hann leggur til að skipulagt verði að fá bjargir frá nágrennahéruðum til að leysa björgunarfólk af í stærri aðgerðum.

Kári, sem var sjónarvottur að hjartaáfallinu.

Sneri baki í manninn, en heyrði þegar hann féll, maðurin var strax meðvitundarlaus og stundi aðeins. Hjartahnoð var hafið strax og öndunarvegur opnaður. Kallað var til læknis sem kom strax.

Sólveig Þorvaldsdóttir, sagðist hafa heyrt “sjúkling” fyrst kalla á lækni og hefði það valdið smá ruglingi í upphafi, en þegar men sáu stumra yfir manninum hafi strax skilist að alvara var á ferðum.

Óskar Óskarsson, þakkar öllum þáttökum. Hann telur að allir sem komu að endurlífgunartilrauninni hafi gert það sem þeir gátu.

Hallgrímur Sigurðsson, þakkar að lokum öllum þátttakendum í æfingunni fyrir vel unnin störf. Ákvörðun um hvort æfingunni verði haldið áfram síðar t.d. í haust liggja ekki fyrir ennþá því menn þurfi að rýna aðeins betur í hvað áunnist hafi og átta sig betur á stöðunni.



Kafli 3

Almannavarnir – Aðgerðarstjórn -Vettvangsstjórn

Æfing á Alexandersflugvelli við Sauðárkrók 28.04.2001

Undirritaður var hópstjóri í hóp 1-Aðgerðarstjórn.

Á undirbúningsfundum í mars og dagana fyrir æfinguna var unnið gott undirbúningsstarf og voru fulltrúar í Aðgerðarstjórn nokkuð tilbúnir til að takast á við verkefnið sem fyrir lá.

Þeir sem taka þátt í aðgerðum eða æfingu af þessu tagi verða oft fyrir vægu áfalli þar sem erfitt er að átta sig á umfangi og álagi stórra aðgerða fyrr en viðkomandi hefur upplifað það sjálfur.

Það er einmitt tilgangur svona æfinga að viðbragðsaðilar geti gert sér í hugalund hvað gerist þegar stórslys á sér stað.

Þrátt fyrir að æfingunni á Sauðárkróki hafi lokið á þann sorglega hátt sem raun varð á þá situr eftir reynsla sem nýtist fulltrúum í Aðgerðarstjórn Almannavarna Skagafjarðar í framtíðinni.

Á æfingunni var ég staðsettur í aðsetri Aðgerðarstjórnar á efri hæð slökkvistöðvarinnar Samkvæmt klukku undirritaðs bárust fyrstu tilkynningar um að æfingin væri byrjuð um kl 14:20 og tilkynning um að hlé væri gert á æfingunni um kl 15:10.

Á þessum 50 mínútum bárust nokkur erindi inn til AS og var þeim sinnt vel.

Helstu tímasetningar:

14:20 Eldar loga.

14:21 Fyrsti bíll Brunavarna Skagafjarðar fer frá húsi.

14:24 Fulltrúar í AS koma í hús.

14:30 AS kannar með boðun eitthvað að.

14:33 Beðið um að "Loftrú" verði virkjuð (Vettvangsstjóri).

14:35 Neyðarlína beðin um virkjun "Loftrú".

14:39 AS fullmönnuð, ljóst að bilun í boðkerfi hefur áhrif á boðun.

14:49 Fyrsta fréttatilkynning fer frá AS.

15:10 Hlé gert á æfingunni.

Æfingunni aflýst.

Ljóst er að alvarleg bilun í SMS-kerfi Landssímans hafði áhrif á boðun fulltrúa í AS.

Á þeim stutta tíma sem Aðgerðarstjórn var virk kom í ljós að menn voru ágætlega undirbúnir, unnið var eftir gátlistum, töflur á veggjum notaðar til að koma upplýsingum til allra, fréttatilkynning var send út þegar umfang slyssins var nokkuð ljóst og fjarskipti voru skipuleg.

Ekki er marktækt að benda á það sem miður fór vegna þess stutta tíma sem æfingin stóð yfir. Þó er rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum:

Í upphafi svona aðgerða ríkir ákveðin ringulreið, því er mikilvægt að takmarka hávaða og utanaðkomandi truflanir. Þetta má t.d. gera með að skipta vinnurými með skilrúmum, velja mönnum stað eftir verkefnum, t.d. hafa þá sem nota faxtækið mest nálægt því, takmarka hringingar GSM síma og forðast köll á milli enda í stjórnstöðinni.

Rétt er að benda á að nokkuð margir áhorfendur voru í húsnaði Aðgerðarstjórnar og hefur það haft sitt að segja um utanaðkomandi truflanir.

Því er nauðsynlegt að á komandi æfingum verði aðgengi áhorfenda og eftirlitsaðila miðað við það rými sem unnið er í.

Það er vonandi að í nánustu framtíð gefist tækifæri til að halda aðra æfingu á Sauðárkróksflugvelli til að ná fram þeirri reynslu sem svona æfingar gefa.

F.h. AVRIK

Víðir Reynisson

Sauðárkrókur 2001

Hópur 2 – Vettvangsstjórn

Niðurstöður


Undirbúningsvinna hjá vettvangsstjórnarhóp gekk að þessu sinni betur en á fyrri æfingum. Stafaði það m.a. af því að fulltrúar frá slökkviliði og björgunarsveit tóku meiri þátt í undirbúningnum. Er þá átt við að viðkomandi voru allan undirbúningstímann þátttakendur í undirbúningsferlinu. Á fyrri æfingum hefur hins vegar viljað brenna við að viðkomandi tækju aðeins að hluta til þátt í undirbúningnum vegna annarra anna.

Undirbúningurinn hófst á nauðsynlegri upplýsingaöflun og könnunarferðum á fyrirhugaðan vettvang til þess að kanna staðhætti og aðstæður. Hópurinn lagði mat á fyrirhugað verkefni og áhrifaþætti sem gætu haft áhrif. Útbúið var sérstakt skipulag vettvangsstjóra vegna flugslysæfingarinnar með skipuriti stjórnunar og fjarskiptaskipulagi auk þess sem útbúið var skipulagsuppdráttur af vettvangi. Einnig vann hópurinn upp sérstakan gátlista fyrir vettvangsstjóra.

Rétt er að benda á að hópur 12 – störf björgunarsveita ætti að taka fullan þátt í starfi vettvangsstjórahóps til þess að tryggja upplýsingaflæði til og réttan undirbúning liðsafla björgunarsveita fyrir æfinguna.

Þann stutta tíma sem æfingin stóð áður en hún var stöðvuð varð ekki annað séð en æfingin gengi í heildina vel. Björgunarlið mætti skipulega til starfa á vettvangi og björgunarmenn gengu yfirvegaðir og skipulega til starf. Starfsemi í vettvangstjórn var skipuleg og upplýsingaflæði var gott. Færa þurfti vettvangsstjórnstöðina í upphafi æfingar til þess að ná fram betri fjarskiptum en fyrir vikið var hún óþarflega langt frá aðal vettvangnum. Loks má benda á að heppilegast er að hafa hljóðlaus fjarskipti í vettvangsstjórn með því að fjarskiptamenn hafi heyrnartól. Stuðlar að minni áreiti og skipulegri vinnubrögðum.

Niðurstaðan varðandi æfinguna er að vel hafi tekist til með undirbúninginn og æfingin hafi gengið vel þann stutta tíma sem hún stóð.



Kafli 4

Fjarskipti



Kafli 5

Heilbrigðisþjónusta

Verkefni: Fyrsta hjálp, greining, sjúkraflutningar, förðun, hópslysaáætlun Heilbrigðisstofnunarinnar (HS), áfallahjálp.

Yfirlit:

Slysstaður: Við suðurenda flugbrautar 01 og fjara suður af flugvelli.
Skjólstaðingar: 50 alls, þar af 34 slasaðir, 6 látir, 10 ómeiddir (47 farþegar, 3 í áhöfn).
Fyrsta hjálp: Hraðgreining á eða við slysstað, lágmarks undirbúningur (sjá neðar) og hraðflutningur á söfnunarsvæði slasaðra (SSS).
Söfnunarsvæði: Staðsett í vélageymslu við flugstöð.
Forgangsröðun: Á söfnunarsvæði slasaðra. Greiningarspjöld sett á sjúklingana þar.
Áfangastaðir: Heilbrigðisstofnunin eins og afkastageta leyfir (slasaðir fluttir þangað). LSH og FSA (líkt eftir sjúkraflugi, sjúkl. fluttir í flugstöð).

Verkaskipting:

Fyrsta hjálp: Sjúkraflutningamenn, björgunarsveitin.
Hraðgreining: Vaktlæknir eða staðgöngumaður hans, sjúkraflutningamenn á slysstað.
Flutningur: Sjúkrabílar, bifreiðar björgunarsveita, aðrir?
Greining: Greiningarsveit, staðsett á SSS.
Meðferð: Greiningarsveit, hjálparliðar björgunarsveita á SSS.

Stjórnendur:

Vettvangsstjóri: Frá lögreglunni. Fer með yfirstjórn aðgerða á vettvangi.
Stjórnandi læknir: Stjórnandi greiningarsveitar.
Fyrstuhjálparstjóri: Frá björgunarsveitinni (SSS).
Heilbrigðisstofnunin: Hópslysaáætlun.

Fjarskipti: Samskipti vettvangsstjóra við stjórnendur með TETRA. AV-rás fyrir almannavarnanefnd (AVN) og Heilbrigðisstofnun. Vinnurásir björgunaraðila fyrir vettvangseiningar hverja fyrir sig. Farsímar (varist að treysta eingöngu á þá).

Undirbúningur fyrir hraðflutning frá slysstað til SSS:

Grófflokkun: Litað armband, rautt, gult, grænt eða svart sett á sjúklinginn.
Öndunarhjálp: Kokrenna fyrir rænulausa.
Umbúðir: Blása með belg og maska í þá, sem taldir eru lífvænlegir.
Skorðun á hrygg: Stífur hálskragi, bretti og hliðarpúðar eða sambærileg skyndihjálp.
Búa um sjúkl. í teppi eða álfka.
Má geyma frekari spelkun og umbúðir, ef nauðsyn krefur.

Forgangsröðun: Greiningarspjöld. Skv. leiðbeiningum hópslysanefndar almannavarna.

Lok æfingar: Í þrepum eftir því, hvenær verkþáttum telst lokið.
Munið rýnifundinn (debriefing) sunnudag kl. 13 í Fjölbrautaskólanum.

Skoðun sjúklinga á vettvangi.

Hvað á að skoða?		Hvað á að gera?
Yfirlit á vettvangi	Hættur?	Tryggja öryggi
ABC-skoðun:		
Meðvitund:	Svarar ávarpi?	
	Svarar sársauka?	
	Svarar engu?	
Öndunarvegur A	Áverkar, blóð, slím, æla?	Sog
		Kokrenna
Öndun B	Horfa, hlusta, finna?	Súrefni
Blóðrás C	Ytri blæðingar?	Stöðva blæðingar
	Púls? Hraði? Styrkur?	
	Litarháttur, hiti, raki híðar?	
Skoðun:		
Háls	Barki í miðlínu?	Hálskragi
	Sár? Eymsli?	
Brjóstkassi	Öndunarhreyfingar?	
	Sár? Eymsli? Los?	Sáraumbúðir
Kviður	Mjúkur? Þaninn?	
	Sár? Eymsli?	
Mjaðmagrind	Stöðug?	
	Sár? Eymsli?	
Neðri útlimir	Aflögun? Bólga? Hreyfingar?	Spelkun
	Blóðrás? Eymsli? Sár?	
Efri útlimir	Aflögun? Bólga? Hreyfingar?	Spelkun
	Blóðrás? Eymsli? Sár?	
Flutningur:		
Forgangur		Ákvörðun
Bolvelta(log-roll)	Skoða bak	Hryggbretti

Hópslysæfingin Sauðárkrókur 2001

Skýrsla hóps #3: Heilbrigðisþjónusta, meðhöndlun og flutningur sjúklinga, áfallahjálp

Haldin var hópslysæfing á Alexandersflugvelli 28. apríl 2001. Sviðsettur var flugslys þar sem flugvél af gerðinni ATR 42 undirskua brauina og skall niður sunnan við víkina og brotnaði í nokkra hluta. UM var að ræða 47 farþega og þriggja manna áhöfn. Slasaðir voru 34, óslasaðir 10 og 6 látnir. Áætlað var að flytja allmargra af þeim í burtu og líkja eftir flutningi beint frá söfnunarsvæði slasaðra (SSS) til Akureyrar og Reykjavíkur.

VEL HEPPNAÐ

Vettvangur:

- Frumgreining og merking á slysstað gekk vel
- Fjarskipti frumgreiningar voru góð
- Fyrsta hjálp vel af hendi leyst
- Gekk vel sunnan við víkina

Söfnunarsvæði slasaðra:

- Skipulag gott
- Samskipti teymis góð
- Upphaf skráningingar gekk vel
- TETRA fjarskipti góð

HS:

- Skipulag hópslysastjórnar mjög gott
- Áætlun um sjúklingafjölda raunsæ
- Samskipti góð innanhúss, við AS og vettvang

TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

Heimamenn:

- Halda áfram með gerð hópslysáætlunar og þjálfun starfsfólks HS í
 - Sérhæfðri endurlífgun (ACLS)
 - Fyrstu meðferð slasaðra (BTLS)
 - Fjarskiptum
- Endurskipuleggja útkall læknis og sjúkrabíls gegnum 112
- Bæta merkingar innganga HS
- Koma búnaði á vettvangi, s.s. teppum og börum, strax í notkun

- Æfa áfram hlutverk heilbrigðisstarfsmanna í hópslysaviðbúnaði (með kynningu á hópslysaáætlun og skrifborðsæfingu)
- Þjálfar saman heilbrigðisstarfsmenn og aðra björgunaraðila (reglubundnar æfingar)
- Enduskipuleggja og bæta greiningarsveitarbúnaðinn
- Huga strax að nýtingu flutningstækja á vettvangi
- Þjálfar leikmenn í skyndihjálpi

AVRIK

- Þróa áfram skráningarkerfi og merkingu skjólstæðinga
- Þróa áfram skipulag loftflutninga í samvinnu við Flugmálastjórn

Reykjavík, maí 2001

Jón Baldursson
Guðbjörg Pálsdóttir
Bára Benediktsdóttir

Hópslysæfing á Sauðárkróki 26. - 29. apríl 2001

Skýrsla heilbrigðisþjónustu um áfallahjálp.

- Í Áfallastuðningsteymi Skagafjarðar eru læknar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliði sem ekki starfar í sjúkrahjónustu, prestar, leikskólakennari, starfsm. skólaskrifstofu, lögreglumaður og aðstoðarskólameistari Fjölbrotarskóla NV. Einhverjir eru jafnframt meðlimir Rauða krossins á svæðinu. **Þessi þverfaglega samsetning er til fyrirmyndar því algengt er að meðlimir í áfallahjálparteymum séu í mörgum hlutverkum í hópslysum og gengur þá slysaþjónusta fyrir.** Mögulegt er fyrir teymið í Skagafirði að starfa þó hluti þess sé fastur í öðrum störfum.

Vel heppnað.

- Áætlun Áfallastuðningsteymis Skagafjarðar var mjög góð. Teymið fékk aðstöðu á sjúkrahúsinu á æfingunni og ákveðið að prestarnir yrðu þar v. margra dauðsfalla í “flugslýsinu”. Ljóst var að prestarnir myndu þurfa liðsinni annarra úr teyminu til að tilkynna aðstandendum andlát.
- Stjórnandi var valinn úr stýrihóp Áfallastuðningsteymisins, og ákveðinn tengiliður innan sjúkrahússins sem var í móttöku slasaðra.
- Gert var ráð fyrir því á æfingunni, að óska eftir aðstoð vegna áfallahjálpar í gegnum fulltrúa landlæknis í sjúkrahús AVR en æfingin gekk aldrei svo langt.
- Öllum þolendum átti að beina í fjöldahjálparstöðina. Aðstandendur slasaðra áttu að fá að koma á sjúkrahúsið um leið og þeir gætu hitt hinn slasaða. Gert var ráð fyrir aðstöðu fyrir aðstandendur á sjúkrahúsinu og eftirfylgd átti að vera í gegn um heilbrigðisþjónustuna.
- Teymið fékk stórt og gott herbergi með sínum og tölvu til afnota auk tveggja minni herbergja. Þessi herbergi voru ekki í miðri hringiðu móttöku en nálægt matsalnum.
- Samvinna við Rauða kross deildina var mjög góð. Settur var ákveðinn tengiliður Rk við teymið í fjöldahjálparstöðinni en tveir teymismeðlimir voru þar að störfum sem Rauða kross liðar.
- Æfingin fór vel af stað. Áfallastuðningsteymið var kallað út frá sjúkrahúsinu skv. ákvörðun hópslysastjórnar og kom sér fyrir í aðstöðunni á sjúkrahúsinu. Allir fengu barmmerki áfallahjálpar.
- Hópslysastjórn sjúkrahússins hafði alltaf samband við teymið og lét vita af framvindu mála um leið og upplýsingar bárust en það skiptir sköpum um störf áfallateymis.


Tillögur til úrbóta.

- Teymið var með sína einkasíma. Nauðsynlegt er að allir í teyminu hafi síma því stjórnandi þarf að geta náð í teymismeðlimi þegar ný verkefni koma upp.
- Ef til vill væri heppilegra að hafa aðra aðstöðu fyrir aðstandendur á sjúkrahúsinu en matsal starfsfólks, því gera þarf ráð fyrir því að starfsfólk þurfi að nota matsalinn. Þetta var ljóst fyrir æfinguna en ákveðið að nota matsalinn í þetta sinn.

Ábendingar varðandi áfallahjálparbátt í næstu æfingum.

- Skilgreina þarf hópinn “heilbrigðisþjónusta” með áfallahjálpi innanborðs. Setja þarf inn í skipulag umsjón með skráningu og eftirfylgd þolenda áfalla innan vébanda heilbrigðisþjónustunnar. Einnig þarf að setja inn í skipulag að beðið sé um aðstoð áfallahjálparteyma utan héraðs ef umfang er mikið, sérstaklega til að hvíla fólk eftir fyrstu klukkustundir og aðstoða við skipulag í framhaldinu t.d. fundi með hjálparfólki.
- Óljóst var í skipulagi æfingarinnar hvaða hóp áfallahjálpin tilheyrði en klárt skv. skilgreiningu Landlæknis að áfallahjálpi er heilbrigðisþjónusta og tilheyrir því hópi 3 með samvinnu við hóp 4 og þarf að byggja upp samvinnu þessara hópa.
- Áfallastuðningsteymið í Skagafirði er til fyrirmyndar varðandi mönnun og skipulag og væri hægt að nota sem fyrirmynd í uppbyggingu teyma annars staðar á landinu.
- Æfing af þessu tagi er vafalaust ein af bestu leiðunum til að skipuleggja uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar á áfallahjálpi á landsvísu.

Margrét Blöndal hjúkrunarfræðingur í Áfallahjálparteymi LSH Fossvogi.



Kafli 6

Fjöldahjálp



Skýrsla Hóps 4

Fjöldahjálp og félagslegt hjálpstarf



Sauðárkrókur 2001

Flugslysaæfing flugmálastjórnar
Haldin á Sauðárkróki 26.-29. apríl 2001

Efnisyfirlit

1. kafli Undirbúningur
 - 1.1 Inngangur
 - 1.2 Undirbúningur deildafólks og starfsmanna
 - 1.3 Sálræn skyndihjálp
 - 1.4 Fulltrúi Biskupsstofu
 - 1.5 Áfallahjálp og prestar
 - 1.6 Upplýsingaþáttur
 - 1.7 Skráningaþáttur
 - 1.8 Fjölmiðlar
 - 1.9 Fjarskipti
2. kafli Verkefni Rauða kross fólks í æfingunni
 - 2.1 Neyðarnefnd
 - 2.2 Fjöldahjálparstöð
 - 2.3 Upplýsingasími
 - 2.3 Aðgerðastjórn
 - 2.4 Tengiliður við sjúkrahús
 - 2.5 Dyraverðir á sjúkrahúsi
 - 2.6 Flugstöð
 - 2.7 Söfnunarsvæði óslasaðra (SSÓ)
3. kafli Þátttaka Rauða kross fólks
4. kafli Vinnuþlan Rauða kross fólks
5. kafli Keyrsla æfingar og tillögur til úrbóta
 - 5.1 Neyðarnefnd Skagafjarðardeildar RKÍ
 - 5.2 Fjöldahjálparstöð
 - 5.3 Flugvöllur, SSÓ, SSS og flugstöð
 - 5.4 Aðgerðastjórn
 - 5.5 Sálræn skyndihjálp
 - 5.6 Áfallahjálp og samstarf við presta
 - 5.7 Skráningaþáttur
 - 5.8 Fjarskipti
6. kafli Stjórnstöð Rauða kross Íslands Efstaleiti í Reykjavík
 - 6.1 Starfsemi stjórnstöðvarinnar í Efstaleiti
7. kafli Eftir að æfingin var stöðvuð
 - 7.1 Stjórnstöð neyðarnefndar Skagafjarðardeildar RKÍ
 - 7.2 Opnun fjöldahjálparstöðvar
 - 7.3 Fundur í Fjölbrautarskólanum
 - 7.4 Upplýsingaþáttur
8. kafli Skýrsla Ásu Jakobsdóttur Útkallshópi RKÍ
9. kafli Skýrsla Katrínar Maríu Andrésdóttur Svæðisfulltrúa RKÍ á Norðurlandi
- 10.kafli Skýrsla Karls Lúðvíkssonar formanns Skagafjarðardeildar RKÍ
- 11.kafli Tillögur til úrbóta

Skýrsla Carlosar Ferrer fulltrúa Biskupsstofu, Hóps 4a

Kaflí 1

Undirbúningur

1.1 Inngangur hópstjóra

Rauði kross Íslands hefur tekið þátt í flugslysaæfingum Flugmálastjórnar frá upphafi og hafa þessar æfingar verið mjög gagnlegar. Þetta er þó líklega víðamesta flugslysaæfing hingað til er varðar Rauða kross þáttinn og hafa aldrei fleiri virkir sjálfboðaliðar og starfsmenn Rauða krossins tekið þátt.

Þáttur Rauða kross Íslands í æfingunni var eins og áður að sinna fjölda- og félagslegu hjálparstarfi og var það gert s.k.v. nýuppfærðri neyðarvarnaáætlun deildarinnar, áætlun flugvallarins og hópsslysaáætlun sjúkrahússins. Neyðarnefnd deildarinnar var að störfum og stýrði aðgerðum Rauða krossins og einnig var deildar fólk að störfum í aðgerðastjórn sem auðveldaði alla samvinnu. Aðgerðin fólst í opnun fjöldahjálparstöðva í fjölbrautarskólanum og var gert ráð fyrir að þar væri einnig hægt að annast óslasaða uns möguleiki væri á að sameina þá aðstandendum, þ.e. ef ekki var hægt að taka á móti þeim á sjúkrahúsi. Einnig felst hún í starfrækslu á upplýsingaþjónustu fyrir aðstandendur í umboði almannavarnanefndar. Mikil og góð samvinna var við alla samstarfsaðila og kom deildar fólk að umönnun óslasaðra á vettvangi og dyragæslu á sjúkrahúsi. (sjá nánar í kafla 2.)

Í fyrsta skipti var sett upp sérstakt vinnuplan fyrir sjálfboðaliða fyrir æfinguna sem fjölmargir sjálfboðaliðar deildarinnar nýttu sér og var það unnið með Katrínu Maríu Andrésdóttur Svæðisfulltrúi RKÍ á Norðurlandi. En þar sem þessir vinnudagar eru einnig notaðir af hópstjórum til að funda með öðrum vinnuhópum til að stilla saman strengi fyrir æfinguna, olli það því, að í nokkrum tilfellum þurfti fólk að bíða óþarflega lengi og olli það óánægju þeirra sem í hlut áttu enda margir sem tóku sér frí frá vinnu. Þessu fyrirkomulagi verður breytt fyrir næstu æfingu. Það sem kom mjög vel út og við munum örugglega festa inni voru þættir sem sérstök áhersla hefur verið lögð á hjá Rauða krossinum undanfarið og eins og fjölmiðlaframkoma og sálræn skyndihjálp. Vorum við svo heppin að fá með okkur í undirbúninginn starfsfólk aðalskrifstofu RKÍ þau Elínu Jónasdóttur deildarstjóra RKÍ í sálrænni skyndihjálp og Þóri Guðmundsson upplýsingafulltrúa RKÍ sem eru sérfræðingar í þessum málaflokkum.

Þessi skýrsla er tekin saman af hópstjóra hóps 4 en fjölmargir aðrir hafa lagt hönd á plóginn enda margir sem komu að æfingunni eins og glögg kemur fram í skýrslunni. Nú er búið að festa í skipulaginu að Neyðarvarnfulltrúi RKÍ er hópstjóri hóps 4 en af fenginni reynslu var ekki talið heppilegt að vera alltaf að breyta hópstjórninni. Á fyrri æfingum voru það ýmist þeir starfsmenn aðalskrifstofu RKÍ er höfðu með neyðarvarnir að gera eða félagar í Útkallshópi RKÍ.

Þessari skýrslu Rauða krossins er skipt niður eins og efnisyfirlit sýnir og í þessum kafla er einnig skýrsla Carlosar Ferrer fulltrúa Biskupsstofu, hóps 4a. En prestapátturinn var staðsettur undir Rauða kross hópnum fyrir æfinguna en hópstjóri hóps 4 tók þá ákvörðun að slíta hann frá og kalla 4a (sjá 1.4 og skýrslu Carlosar hóps 4a).

Að lokum verð ég að segja að það kom bersýnilega í ljós þegar við starfsmenn komum norður að undirbúningur var góður og þarna var samankominn hópur fólks sem var ákveðinn í því að fá sem mest út úr þessari æfingu. Mjög gaman var að taka þátt í þessari vinnu og lærði ég mjög mikið. Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að ljúka æfingunni eins og til stóð hefur án efa mikið áunnist og má deildin vera stolt af sínu fólki það veit sá sem allt veit að ég er það.

Herdís Sigurjónsdóttir, hópstjóri hóps 4.

1.2 Undirbúningur deildafólks og starfsmanna

Langur aðdragandi var að þessari æfingu og má segja að síðustu ár hafi verið stefnt að því að æfingin yrði vorið 2001 eins og reyndin varð. Undirbúningurinn hófst fyrir alvöru síðasta vetur þegar dagsetning æfingarinnar var staðfest. Deildarfolk vann af krafti við undirbúninginn og var klárt að verið var að vinna grunn að meira starfi til framtíðar og greinilega engin skammtímasjónarmið þar á ferð. Svæðisfulltrúinn á Norðurlandi Kartín María sá um að aðstoða deildina við undirbúninginn og vann mikið og gott starf. Einnig kom Neyðarvarnafulltrúi að undirbúningnum en hann er fulltrúi í framkvæmdastjórn flugslysaæfinganna sem samanstendur af helstu sérfæðingum landsins í þessum málum.

Ætla ég að tæpa á þeim mikla undirbúningi sem átti sér stað fyrir norðan:

Gerð var neyðarvarnaáætlun fyrir Skagafjarðardeild RKÍ og var hún mjög vel unnin og verður hún notuð sem fyrirmynd annarra í framtíðinni.

Rauða kross deild Skagafjarðar var búin að skrifa inn í viðbragðsáætlanir fyrir aðgerðastjórn, á flugvelli og á sjúkrahúsi.

Haldið var flokksstjóranámskeið í byrjun mars fyrir stjórnendur í fjöldahjálpinni með góðri þátttöku, auk Rauða kross fólks var nokkrum samstarfsaðilum boðið að vera með til að kynna starfi Rauða krossins og deildarinnar í neyðarvörnum.

Deildin var nýbúin að festa kaup á húsnæði í Aðalgötu og voru iðnaðarmenn og deildarfolk fram á nótt að gera klárt til að hægt væri að nota húsnæðið fyrir fundi og vinnu deildarfólks og gerði það alla vinnu auðveldari og sýnilegri.

Öllum nágrannadeildum var boðin þátttaka í æfingunni en voru það aðeins flokksstjórar frá Skagaströnd sem sáu sér fært að vera með.

Auðvelaði það alla vinnu deildarinnar að Óskar slökkviliðsstjóri og formaður aðgerðastjórnar var áhugasamur og meðvitaður um þátt Rauða krossins og mætti hann á fundi hjá deildinni meðan vinnsla neyðarvarnaáætlunarinnar stóð yfir og eins hélt hann kynningu á notkun talstöðva á flokksstjóranámskeiði deildarinnar í mars. Þá kynnti Óskar æfinguna fyrir deildarfólki, svaraði fyrirspurnum og tók að öðru leiti virkan þátt í undirbúningi. Sjá nánar í kafla 9-skýrslu svæðisfulltrúa Rauða kross Íslands á Norðurlandi

Herdís Sigurjónsdóttir Neyðarvarnafulltrúi RKÍ og Ása Jakobsdóttir fulltrúi Útkallshóps RKÍ tóku þátt í undirbúningi með keyrslustjórninni. Haldinn var af Neyðarvarnafulltrúa upplýsingafundur á aðalskrifstofu RKÍ fyrir áhugasamt starfsfolk sem ætlað að taka þátt í æfingunni og þátttakendur í Útkallshópi RKÍ.

Þegar nær dró æfingunni komu fleiri starfsmenn inn í undirbúninginn og var einnig ákveðið að Linda Ósk Sigurðardóttir svæðisfulltrúi RKÍ á höfuðborgarsvæði færi norður þar sem næsta flugslysaæfing yrði á höfuðborgarsvæðinu.

1.3 Sálræn skyndihjálp

Deildir Rauða kross Íslands um allt land hafa verið með átak í að þjálfa almenning í sálrænni skyndihjálp og hefur Rauði kross Íslands þjálfað leiðbeinendur til þess, sem staðsettir eru víðsvegar um landið. Sérstök áhersla hefur verið lögð á þennan þátt í undirbúningi stjórnenda og sjálfboðaliða í félagslegri fjöldahjálp ekki síður en í almennri skyndihjálp.

Stefnt er að því að allir þeir sem starfa í félagslegri fjöldahjálp verði færir um að sinna sálrænni skyndihjálp og einnig að sjá til þess að allir sjálfboðaliðar og starfsfolk fái aðstoð við úrvinnslu eftir útköll og æfingar.

Haldin voru námskeið í sálrænni skyndihjálp fyrir flokksstjóra og aðra sjálfboðaliða á Sauðárkróki.

Elín deildarstjóri í sálrænni skyndihjálp hjá RKÍ kom inn í undirbúning fyrir æfinguna eins og áður sagði og hélt hún fyrirlestur fyrir almenning um sálræna skyndihjálp ásamt Carlosi. Þetta var nýr liður í fræðslu fyrir almenning á þessum æfingum en á fundi með

æfingastjórn flugslysaæfingarinnar kom hugmynd frá Carlosi Ferrer um að hann og fulltrúi frá Rauða krossinum yrðu með fyrirlestur um sálræna skyndihjálpar fyrir almenning í fræðsludagskrá fyrir æfinguna en er hann einnig leiðbeinandi í sálrænni skyndihjálpar hjá Rauða krossi Íslands. Þetta var samþykkt og sett inn á dagskrá.

1.4 Fulltrúi Biskupsstofu

Carlos Ferrer (CF) prestur kom inn flugslysaæfingastjórn stuttu fyrir æfinguna en Hallgrímur Sigurðsson framkvæmdastjóri flugslysaæfinganna óskaði formlega eftir því við Biskupsstofu í byrjun mars að hann yrði skipaður í flugslysaæfingastjórn sem þeirra fulltrúi. CF hafði komið að flugslysaæfingu á Egilsstöðum 2000 og hafði sýnt þessum hópslysamálum mikinn áhuga. Síðar kom í ljós að gert var ráð fyrir að hann kæmi inn í fjöldahjálparhópinn (hóp 4) vegna þess að skipulag Rauða krossins gerir ráð fyrir prestum í fjöldahjálparstöðvum og þess að hann hafði verið að vinna mikið með þeim hópi á Egilsstöðum en þó einnig með öðrum hópum.

Í byrjun undirbúningsins kom CF á fund með starfsfólki Rauða kross Íslands, þ.e. Helgu G. Halldórsdóttur skrifstofustjóra innanlandsskrifstofu, Herdísi Sigurjónsdóttur (HS), Neyðarvarnafulltrúa og Elínu Jónasdóttur (EJ), deildarstjóra í sálrænni skyndihjálpar. Farið var yfir hlutverk presta og skipulag sálrænnar skyndihjálpar hjá Rauða krossinum. Síðan funduðu HS og CF og einnig kom EJ inn í vinnuna.

Margt kom í ljós á þessum sameiginlegu fundum eins og:

- Ekki er til skipulag fyrir presta er tekur á viðbrögðum við hópslysum en nefnd sem skipuð var til að fara yfir þessi mál hefur ekki lokið störfum.

- Prestar eru á neyðarvarnaáætlunum Rauða kross deilda og á mörgum stöðum eru þeir virkir í starfi deildanna.

- Ekki hefur markvisst verið kynntur fyrir prestum þeirra þáttur í skipulaginu og á það líka við aðra verkþætti í almannavarnarskipulaginu.

- Ekki er gert ráð fyrir prestum í neyðarvarnaáætlun aðalskrifstofu RKÍ og lagði CF til að héraðsprestar á höfuðborgarssvæðinu yrðu settir í áætlunina.

- Ákveðið að EJ kæmi með á fundina fyrir norðan og hún héldi fyrirlestur með CF fyrir almenning.

Fljótlega fór að gæta einhvers miskilnings og þar sem prestar hafa ekki verið hingað til með neinar sérstakar áætlanir vegna stórslysa á borð við þetta var þessi þáttur óskrifað blað og mikil vinna var óunnin fyrir CF. Hann fór að kortleggja það sem búið var að vinna hingað til og undirbúa prestana fyrir norðan.

Óskaði HS hópsstjóri hóps 4 eftir því við framkvæmdastjóra æfingarinnar stuttu fyrir æfinguna að prestaþátturinn yrði sjálfstæður en var það ekki samþykkt. Þá tók hópstjóri þá ákvörðun að aðskilja prestaþáttinn frá Rauða kross undirbúningnum og var hann kallaður 4a upp frá því og fór EJ inn í þá vinnu fyrir hönd Rauða krossins.

sjá nánar skýrslu Carlosar Ferrer (hópur 4 a)

1.5 Áfallahjálpar og prestar

Skagafjörður hefur e.t.v. nokkra sérstöðu á landsbyggðinni varðandi áfallahjálpar en frá 1996 hefur verið starfandi virkt áfallahjálparteymi undir forystu Heilbrigðisstofnunarinnar. Slík teymi eru ekki fyrir hendi alls staðar á landinu og þau sem eru til staðar hafa ekki öll sömu vinnureglur og boðleiðir. Í teyminu í Skagafirði eru fulltrúar frá Heilbrigðisstofnuninni, Rauða krossinum, félagsþjónustu, skólum, prestum og lögreglu. Auk þess eru sjálfstætt starfandi sálfræðingur og geðlæknir í því.

Þar sem ekki var neinn sérstakur hópur starfandi fyrir æfinguna sem átti að samræma áfallahjálpar og sálfræðslu fléttuðist það að sumu leiti inn í vinnu hóps 4a og þar sem sá hópur varð til á miðvikudeginum fyrir æfinguna og hafði ekki fyrirfram skilgreind verkefni olli það nokkrum ruglingi. Mín skoðun er sú að eðlilegra hefði verið að gera ráð fyrir að prestar hefðu verið með sér vinnuhóp (prestar og aðrir trúarleiðtogar), Rauði krossinn sér og

heilbrigðisþjónustan með sinn hóp og síðan hefðu þessir aðilar hist og farið yfir málin fyrir æfinguna og gert sér grein fyrir þeim björgum sem væru á staðnum og einnig því viðbótarafli sem hægt væri að útvega.

Þar sem þetta skipulag var ekki fyrir hendi fólst vinnan í samvinnu og að gera sér grein fyrir því kerfi sem var á staðnum. Fór CF því að undirbúa presta fyrir norðan og upplýsa um verðandi æfingu. CF og HS fóru á fund áfallahjálparteymisins fyrir norðan á miðvikudeginum fyrir æfinguna og einnig presta svæðisins þar sem farið var yfir hlutverk presta í fjöldahjálp en því miður komst EJ ekki með á þá fundi.

Einhvers misskilnings gætti varðandi þennan þátt og var eins og fólk héldi að Rauði krossinn ætlaði að fara að samræma áfallahjálp í hópslysaviðbúnaði. Er misskilningurinn sjálfsagt til kominn vegna þess að hingað til hefur vantað fulltrúa frá landlæknisembættinu í áfallahjálp en það er hlutverk Landlæknis að samræma þá aðstoð í landinu.

Ræddi HS við fulltrúa Landlæknis stuttu fyrir æfinguna og hvatti til að sendur yrði áfallahjálparfulltrúi á æfinguna. Á miðvikudagskvöldi fyrir æfinguna kom í ljós að Margrét Blöndal (MB) kæmi norður til að vinna með heilbrigðishópnum sem var mjög gott því þann þátt hafði skort hjá hópnum hingað til.

Þegar ég fór á fundi með prestunum fyrir norðan kom í ljós að þeir vissu ekki allir að þeir væru á neyðarvarnaáætlunum Rauða kross deildarinnar og hvaða hlutverki þeir ættu að sinna í fjöldahjálparstöðvum. Þegar farið var að vinna fyrir norðan kom í ljós að ekki voru greinileg skil milli prestþjónustu og áfallaástoðar almennt enda eðlilega eðlilega samtvinnað og er sóknarpresturinn einnig fulltrúi í áfallahjálparteymi sjúkrahússins.

Ætla ég ekki að fara nánar í vinnu þessa hóps 4b en vísa í lið 1.9 í þessari skýrslu Carlosar (4a í kafla RKÍ), Margrétar Blöndal (heilbrigðisþjónustunni). ? skýrsla Guðbjargar sóknarprests

1.6 Upplýsingaþáttur

Eitt af verkefnum Rauða krossins hefur verið að upplýsa og annast aðstandendur fórnarlamba ekki síður en að annast fólk er hefur þurft að yfirgefa heimili sín í skyndi. Hefur kerfi Rauða krossins miðað að því að geta annast þetta vel og undanfarið hefur verið unnið mikið í þessum málum. Á æfingum hefur þetta verið æft og í áætlunum hefur verið gengið frá því að Rauða kross deildir annist þennan þátt í umboði almannavarnanefndanna. Samræmingastöð AVRÍK og skrifstofa Rauða kross Íslands eru eðlilega einnig liður í þessu og hefur undanfarið tekið þátt í æfingunum og er verið að samræma vinnureglur og skráningarkerfi.

Á þessari æfingu ætluðum við að klára í fyrsta skipti að stemma af alla farþega og einnig að hafa samband við aðstandendur. Á fyrri æfingum hefur oft strandað á því að fá upplýsingar um afdrif allra. Til að kanna hvernig til tækist ákváðum við að gera könnun eftir æfinguna og hringja í “ættingja” til að vita hvernig til tókst með að veita upplýsingarnar. Til að gera þetta mögulegt var fundað með Oddi Eiríkssyni hópstjóri fyrir sjúklingaþáttinn í flugslysaæfingunum og gengið frá því að við fengjum upplýsingar um símanúmer og nöfn aðstandenda “farþeganna” en við ætluðum að hringja um kvöldið og daginn eftir æfinguna.

1.7 Skráningaþáttur

Skráningar eru mikilvægar í fjöldahjálp vegna þess að nauðsynlegt er að vita hvar fólk sem þurft hefur að yfirgefa heimili sín eða lendir í slysi er niðurkomið.

Ferliskráningar

Mikil vinna hefur verið í lögð í það síðastliðin ár að samræma hópslysaskráningar og var búið að útbúa litaarmbönd með raðnúmerum sem setja átti á sjúklingana í frumgreiningu. Búið var að útbúa sérstakt skráningablað sem átti að prufukeyra á æfingunni og átti að nota samskonar blöð á

öllum skráningastöðum, þ.e. á söfnunarsvæði, sjúkrahúsi og fjöldahjálparstöð.

Skráningakerfi ríkislögreglustjóra

Á þessari æfingu átti að prófa að nota aftur skráningakerfið sem prófað var á flugslysaæfingunni á Hornafirði síðasta haust og átti að skrá alla í greiningarstöðinni og síðan áttu, RKÍ, sjúkrahúsið og lögreglan að fá sitt eintak um leið eða beint af söfnunarsvæðinu. Búið var að ganga frá því að komið væri með eintök RKÍ til SSÓ og þaðan yrði þeim komið með sendiboða sem færi með þau í stjórnstöð neyðarnefndar.

1.8 Fjölmiðlar

Á þessari æfingu var í fyrsta skipti sérstakur hópur er fjallaði um fjölmiðlamál en mikið er verið að fjalla um þessi mál og eru Almannavarnir ríkisins að móta reglur um hvernig fjölmiðlar komi til með að vera hluti af hópslysaáætlunum í framtíðinni.

Þórir Guðmundsson upplýsingafulltrúi ákvað að taka þátt í undirbúningi. Fundaði hann einnig með fjölmiðlahópnum fyrir æfinguna. Þetta var ekki síst gert vegna þess að aukin áhersla er lögð á fræðslu um fjölmiðlaframkomu fyrir flokksstjóra Rauða krossins. Haldinn var sérstakur fræðslufundur fyrir sjálfboðaliða Rauða krossins.

1.9 Fjarskipti

Rauði kross Íslands hefur sér talstöðvarrás til afnota í almannavarnaáðgerðum og festi Skagafjarðardeild Rauða kross Íslands kaup á talstöðvum fyrir æfinguna. Gert var ráð fyrir að vera með stöðvarnar á þremur stöðum, á flugvelli, í fjöldahjálparstöðinni í Fjölbrautarskólanum og í stjórnstöð neyðarnefndar í Aðalgötu. Búið var að halda námskeið um notkun talstöðva fyrir deildarfólk.

Fyrir æfinguna voru settir upp endurvarpar fyrir TETRA á Norðurlandi. Prófa átti TETRA samband milli stjórnstöðvar RKÍ í Efstaleiti í Reykjavík og stjórnstöðvar neyðarnefndar fyrir norðan, lánaði Lína net stöðvar á þessa staði. Ekki átti að nota þær talstöðvar í æfingunni sjálfri en voru TETRA stöðvar voru notaðar í bakskipulagi æfingastjórnar og voru allir hópstjórar og fleiri með stöðvar í æfingunni. Einnig voru fulltrúar frá Línu net með fyrirlestur á Sauðárkrólki fyrir æfinguna um TETRA kerfið fyrir þátttakendur og almenning.

Kaflí 2

Verkefni Rauða kross fólks í æfingunni

2.1 Neyðarnefnd Skagafjarðardeildar Rauða kross Íslands

Skipulagið gerir ráð fyrir að neyðarnefnd fyrir Skagafjörð sé að störfum á skrifstofu deildarinnar í Aðalgötu. Neyðarnefndin er yfirstjórn fjöldahjálparinnar og er í nánú sambandi við aðgerðastjórn á staðnum og stjórnstöð Rauða kross Íslands.

2.2 Fjöldahjálparstöð

Fjöldahjálparstöðin á Sauðárkróki er staðsett í Bóknámshúsi Fjölbrautarskólans. Þar var bæði gert ráð fyrir að vera með aðskilið svæði fyrir aðstandendur og óslasaða ef til þess kæmi. Gert var ráð fyrir því að veita upplýsingar og vera með eins konar símaþjónustu um afdrif farþega (auglýst símanúmer).

2.3 Upplýsingasími

Almannavarnarnefnd var búin að taka ákvörðun fyrir æfinguna að Rauða kross deildin gæfi upplýsingar til aðstandenda um afdrif farþega og var sett upp skipulag í fjöldahjálparstöðinni varðandi upplýsingagjöf.

2.4 Aðgerðastjórn

Rauða kross deildin á fulltrúa í aðgerðastjórn. (Einn fulltrúi og annar til vara og voru þeir báðir virkir með aðgerðarstjórn í æfingunni). Þetta er gert til að hafa á staðnum góða þekkingu á skipulagi Rauða krossins til að auðvelda vinnu aðgerðastjórnar.

2.5 Tengiliður við sjúkrahús

Gert er ráð fyrir tengilið við sjúkrahúsið sem átti að tryggja bein samskipti og aðstoð við að sameina aðstandendur sem biðu í fjöldahjálparstöðinni (SSA) og þá sem voru lagðir inn á sjúkrahúsið. Sá flokksstjóri Rauða krossins sem var tengiliður við sjúkrahúsið tók þátt í hópstarfi í hópi 3.

2.6 Dyraverðir á sjúkrahúsi

Gert var ráð fyrir Rauða kross fólki til aðstoðar í dyravörslu á sjúkrahúsi í viðbragðsáætlun sjúkrahúsins.

2.7 Flugstöð

Aðstoð við flugvallarstarfsmenn við að annast aðstandendur. Í símsvara var vísað á Rauða kross deildina og símann í fjöldahjálparstöðinni sem búið var að ákveða að nota til að veita upplýsingar um atburðinn.

2.8 Söfnunarsvæði óslasaðra (SSÓ)

Sjá um SSÓ. Þ.e. að annast óslasaða þeir yrðu sendir af vettvangi. Unnið undir stjórn vettvangsstjóra og beint undir verkefnisstjóra Sjúkra- og fjöldahjálpar. Gert var ráð fyrir því að hægt væri að flytja óslasaða á afmarkað svæði í fjöldahjálparstöð ef ekki væri hægt að taka á móti þeim á sjúkrahúsi. Þetta fyrirkomulag var sett upp vegna þess að ekki átti að úskrifa farþega fyrir en búið væri að skoða viðkomandi aftur.

Kaflí 3

Þátttaka Rauða kross fólks

Fjölmenur hópur deildarfólks og starfsmanna voru með í æfingunni og var stór hópur sjálfboðaliða sem tóku sér frí frá vinnu dagana fyrir æfinguna gagnert til að taka þátt í þeim undirbúningi og fræðslu sem bauðst (sjá 4 kafla-plan fyrir Rauða kross fólk). Auk þeirra sem hér eru nafngreindir var stór hópur sem tengist Rauða krossinum að einu eða örðu leiti og lék sjúklinga og þá einnig þeirra aðstandendur.

Flokksstjórar, sjálfboðaliðar og starfsfólk sem tók þátt:

Skagafjarðardeild Rauða kross Íslands

Karl Lúðvíksson
Karl Bjarnason
Þróstur Friðfinnsson
Jóhanna Karlsdóttir
Hrefna Gerður Björnsdóttir
Þóra Björk Þórhallsdóttir
Þórunn Elfa Guðnadóttir
Jóna Hjaltadóttir
Björn Sighvatz
Hjördís Tobíasdóttir
Bryndís Óladóttir
Árdís Antonsdóttir
María Lóa Friðjónsdóttir
María Guðfinnsdóttir
Sigurlaug Konráðsdóttir
Sigríður Svavarsdóttir
Theódór Karlsson
Guðrún Ingólfssdóttir
Sigríður Stefánsdóttir
Ása Björg Ingimarsdóttir,
Sveinn Árnason
Gísli Árnason
Þorleifur Konráðsson
Þórdís Þórisdóttir
Sigrún Alda Sighvatz
Anna Bára Sigurjónsdóttir

Skagastrandardeild Rauða kross Íslands

Dóra Sveinbjörnsdóttir
Björn Ingi Óskarsson

Á Sauðárkróki í undirbúningi og eftirliti í æfingunni sjálfri

Sigrún Árnadóttir-Framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands
Katrín María Andrésdóttir-Svæðisfulltrúi Rauða kross Íslands á Norðurlandi
Herdís Sigurjónsdóttir-Neyðarvarnafulltrúi Rauða kross Íslands –hópstjóri
hóps 4
Ása Jakobsdóttir–Útkallshóp Rauða kross Íslands
Viðar Björgvin Tómasson-Útkallshóp Rauða kross Íslands
Þórir Guðmundsson-Upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands
Elín Jónasdóttir - Deildarstjóri Rauða kross Íslands í sálrænni skyndihjálpi
Linda Ósk Sigurðardóttir-Svæðisfulltrúi Rauða kross Íslands á

höfuðborgarsvæði

Carlos Ferrer-Biskupsstofu

Í stjórnstöð Rauða kross Íslands í Efstaleiti 9, Reykjavík:

Gunnar Arnarson-Fjármálastjóri Rauða kross Íslands
Ingibjörg Snævarr-Ritari framkvæmdastjóra
Kristín Tómasdóttir og María Ágústsdóttir héraðsprestar mættu í stjórnstöð til
kynningar

Í samræmingarstöð Almannaþingis (Byrginu):

Konráð Kristjánsson-Deildarstjóri sjálfbodastarfs hjá Rauða krossi Íslands
Ingibjörg Eggertsdóttir-Fræðslufulltrúi Rauða kross Íslands

Ef svo illa vill til að einhvert nafn vanti á listann fyrir ofan er viðkomandi beðinn
afsökunar og er hægt að koma ábendingum til Herdísar eða Katrínar Maríu varðandi það.

Kaflí 4

Vinnuþlan Rauða kross fólks

Fimmtudagur 26. apríl

- 10:40 Mæting hóps 4 í húsnaði Rauða kross deildar við Aðalgötu
- 10:40 Farið yfir heildarskipulag fjöldahjálparinnar í æfingunni-
Herdís Sigurjónsdóttir og fleiri
- 11:20 Fyrri æfingar hvað höfum við lært og hvað ber að varast - Ása Jakobsdóttir
- 13:00 Starfað áfram í vinnuhópum - hópur 4 í húsnaði deildarinnar
- 13:00 Fyrirkomulag skráninga á æfingunni og ferill upplýsinga –
Herdís Sigurjónsdóttir
- 15:30 Stjórnstöðvar Rauða kross Íslands, samskipti og samvinna, fjöldahjálparstöð,
stjórnstöð RKÍ Efstaleiti og samræmingastöð AVRÍK
Herdís Sigurjónsdóttir og fleiri
- 21:00 Erindi: Carlos Ferrer, Elín Jónasdóttir Sálræn skyndihjálpar

Föstudagur 27. apríl

- 09:00 Unnið í vinnuhópum – hópur 4 í húsnaði Rauða kross deildar
- 9-10 Sálræn skyndihjálpar og fyrirkomulag í fjöldahjálpar-Elín, Carlos
- 11-12 Fjarskiptamál- Viðar Björgvin Tómasson
- 13:30 Unnið í vinnuhópum – hópur 4 í húsnaði Rauða kross deildar
- 13:30-16 Ákveðið síðar hvaða vinna fer fram á þessum tíma
- 17:30 Þórir Guðmundsson - fjölmiðlaþjálfun fyrir Rauða kross fólks

Laugardagur 28. apríl

- 10-11 Sameiginlegur fundur Rauða kross fólks í fjöldahjálparstöð
- 14-18 Æfing
- 18:10- Sameiginlegur fundur Rauða kross fólks – farið yfir alla verkþætti
19:00 fjöldahjálparinnar, mæta í fjöldahjálparstöð

Kaflí 5

Keyrsla æfingar

5.1 Neyðarnefnd Skagafjarðardeild RKÍ Aðalgötu 10b.

(sjá 10.kafla skýrslu frá Karli Lúðvíkssyni formanni Skagafjarðardeildar RKÍ).

Punktar Herðísar Sigurjónsdóttur sem var með eftirlit í stjórnstöð neyðarnefndar deildarinnar:

Formaður neyðarnefndar fékk sitt útkall **kl.14:25** og fékk neyðarnefnd og flokksstjórar skilaboðin eftir dúk og disk. Sumir fengu tvenn SMS skilaboð en svo virðist sem töluvert margir hafi alls ekki fengið útkall. Strax var farið að vinna eftir neyðarvarnaáætlun af öryggi og einn flokksstjóri sendur til að opna fjöldahjálparstöðina og voru fleiri sendir til aðstoðar í kjölfarið.

Sambandi komið á við aðgerðastjórn á staðnum og stjórnstöð RKÍ og gengu samskiptin eðlilega fyrir sig.

Einni mínútu áður en útkallið kom hafði aðstandandi sem varð vitni að atburðinum hringt í húsnæði deildarinnar til að reyna að fá upplýsingar. Spurning er hvort æskilegt væri að gefa upp símanúmer deildarinnar í flugvallarsímsvaranum í byrjun og flytja símann þaðan í önnur númer ef þurfa þykir í samráði við aðgerðastjórn og auglýsa síðan það númer þegar búið er að opna fjöldahjálparstöðina í Fjölbrautarskólanum.

Illa gekk að faxes farþegalistann og voru bæði föxin óvirk en því var bjargað með hraði og sendill sendur með listann á flugvöllinn. Æskilegt væri að vera með fax á skrifstofunni í stjórnstöðinni.

Notkun tússtöflu í almenningi gaf góða raun en þar gátu allir gert sér grein fyrir stöðunni í útstöðvum.

Vinna neyðarnefndar var mjög góð og markviss. Greinilegt að þarna vann saman þéttur hópur fólks sem vann vel saman. Þrátt fyrir að ekki hafi tekist að klára æfinguna er ljóst að þessi góði undirbúningur og samvinna mun skila sér í enn betra starfi.

5.2 Fjöldahjálparstöð Bóknámshúsi Fjölbrautarskóla NV

Fjöldahjálparstöðin var sett upp í Fjölbrautarskólanum í Bóknámshúsinu að beiðni neyðarnefndar deildarinnar. Sá flokksstjóri sem fyrstur fór á staðinn hafði þá ekki ennþá fengið útkall en svo heppilega vildi til að hann var staddur í húsnæði deildarinnar.

Sá flokksstjóri sem fyrstur mætti í fjöldahjálparstöðina hafði yfirumsjón með starfinu í stöðinni eins og neyðarvarnaáætlun gerir ráð fyrir og var fljótlega búið að merkja húsnæðið og fara yfir skipulagið.

Um klukkutíma eftir að æfingin byrjaði komu tvær konur úr flugstöðinni í fjöldahjálparstöðina, þær léku afar vel og var leikurinn mjög trúverðugur. Hringingar voru farnar að berast til stöðvarinnar með óskir um upplýsingar um flugslysið og afdrif farþeganna, þar sem engar upplýsingar voru farnar að berast. Voru þessar fyrirspurnir skrifaðar niður og fólki sagt að það fengi upplýsingarnar um leið og þær bærust.

5.3 Flugvöllur, SSÓ, SSS og flugstöð

Punktar frá flokksstjórun Rauða kross deildarinnar á flugvelli:

Í flugstöð:

14:33 Rólegt, en það komu tvær konur sem léku afar vel og flugvallarstarfsmenn önnuðust þær.

14:42 Flugstöð, tilk. um Rauða kross fólki.

Söfnunarsvæði óslasaðra sem var staðsett uppi í vélargeymslunni:

Þegar æfingunni var hætt var búið var að skrá 1 inn á SSÓ og 5 skráningablöð (ríkislögreglustjóra) voru komin til tengiliðs og biðu flutnings til neyðarnefndar RK-deildar (sjá einnig í skýrslu 8 og 9 í þessari skýrslu).

Punktur frá Ásu Jakobsdóttur sem var með eftirlit á flugvelli:

Afgreiðslusalur / Flugstöð

- 14:20 Tilkynt í hátalarakerfi flugstöðvar að vélinni hefði hlekkst á.
(enginn aðstandandi var í flugstöðinni þegar þetta var tilkynt)
- 14:25 Rauður fólksbíll ekur hratt í gegnum flugstöðvarhliðið
(hægra megin við bygginguna)
- 14:26 Lögreglubíll ekur í gegnum hliðið
- 14:28 Sjúkrabíll 1 ekur í gegnum hliðið
Sjúkrabíll 2 ekur í gegnum hliðið
Björgunarveitarbíll ekur í gegnum hliðið
(skráðir af lögreglumanni sem stendur í hliðinu)
- 14:29 Tilkynt í hátalarakerfið að allt tiltækt björgunarlið hefði verið kallað út og að björgunaraðilar í og við flugstöð væru beðnir um að gefa sig fram
- 14:33 Einn aðstandandi kom í flugstöð –Margrét–, einn var á flugbrautinni ásamt fjölmiðlamanni en þeir fóru strax af stað gangandi – áður en tilkynningin kom um slysið
- 14:35 Flugvallarstarfsmaður stöðvar aðstandanda –Margréti- í hliðinu en hún reyndi að komast í gegnum hliðið, fer með hana í flugafgreiðsluna
- 14:37 Flugvallarstarfsmaður segir frá að fólk hefði komið gangandi úr brakinu.
Einn aðstandandi (af brautinni) kom inn í flugstöðina sagt að setjast hjá þeim sem þar var–Margréti- og sagt að þær ættu að tala saman inni á kaffistofu stafsmanna – Þær ræddu um að fara saman á bíl út á flugbraut.
- 14:39 Aðstandendurnir stoppaðir af öryggisástæðum – mega ekki fara út úr byggingunni – fengu kaffi.
- 14:42 (!)Rauða kross sjálfboðaliðar mættir í flugafgreiðslu – bent á aðstandendurna - gáfu ekki tilkynningu um komu sína til Grethe – tilkynntu komu sína til flugvallarstarfsmanna í afgreiðslu. Sjálfboðaliðarnir tóku niður nöfn aðstandenda og bentu á fjöldahjálparstöð – sögðu að best væri að fara þangað þar væri áfallahjálpar og aðstoð við aðstandendur – ræddu saman um ástandið. Farþegalistinn “faxast” ekki til Rk (“tækinlegir örðugleikar”).
- 14:50 Engar frekari upplýsingar komnar - Sjálfboðaliðar buðu aðstandendum uppá að fara með þeim í fjöldahjálparstöð- annar vill fara á sjúkrahúsið – sjálfboðaliðar bentu á að þar væri engin aðstaða fyrir aðstandendur. Einn sjálfboðaliði bauðst til að fara með aðstandanda –Margréti- í fjöldahjálparstöð – vegna þess að henni leist ekki á ástand hennar.
- 15:07 Aðstandandi (eiginmaður Margrétar) komst í “gegnum” lokanir lögreglu- kom frá hesthúsum skammt frá – var stöðvaður í hliðinu, gekk þá út með girðingunni í átt að slysstað – hjálparveitarmaður og starfsmaður flugstöðvar fóru á eftir honum en gátu ekkert gert þar sem hann var utan flugvallarsvæðis. (innskot: þótti það undarlegt þar sem lögreglan hafði ytri lokanir sem ættu að ná vel út fyrir girðinguna).
Stopp – Alvara
Farþegalistinn var sendur með sendli í húsnæði Rk-deildarinnar.
- 15:20 Komið með manninn (hennar Margrétar) í flugstöðina.

(sjá einnig kafla 9. skýrslu frá Katrínu Maríu svæðisfulltrúa)

5.4 Aðgerðastjórn

Í aðgerðastjórn er einn fulltrúi frá Rauða kross deildinni og annar til vara og tóku þeir þátt í undirbúningsfundum aðgerðastjórnar með fulltrúum frá Almannavörnum ríkisins og eins tóku þeir þátt í öllum undirbúningi dagana fyrir æfinguna. Samvinna Rauða kross fulltrúanna og annarra í aðgerðastjórn var með ágætum. Framkvæmdastjóri Almannavarna í Skagafirði (Óskar) hefur lagt á það áherslu að þeir aðilar sem eru kallaðir til í aðgerðastjórn hverju sinni geti sinnt þeim verkefnum sem lýtur að þeirra sérsviði en geti einnig tekið að sér önnur verkefni sem stjórnandi felur þeim. Æfing sem þessi er mikilvægur liður í að undirbúa aðgerðastjórnarmenn undir að sinna hverju því verkefni sem þeir fá í hendur á neyðarstundu, óháð því hvort það fellur undir þann verkþátt sem þeir hafa sérþekkingu á.

Þegar æfingin var stöðvuð tæmdist húsnæði aðgerðastjórnar. Ábending kom fram um að flytja hefði þurft símsvörun í annan síma og útbúa skilaboð á útihúð sem vísar þeim veginn sem kynnu að leita til aðgerðarstjórnarinnar.

5.5 Sálræn skyndihjálp

Þessi þáttur gekk ágætlega bæði í æfingu og alvöru og veður áfram unnið að því að klára vinnureglur fyrir deildir og starfsfólk varðandi eftirfarandi:

- Rauða kross fólk veitir sálræna skyndihjálp í fjöldahjálparstöðvum og á öðrum stöðum þar sem við störfum.**
- Samvinna er við áfallahjálparhópa séu þeir til staðar og presta á hverjum stað.**
- Í smíðum eru verklagsreglur hjá RKÍ vegna úrvinnslu fyrir sjálfboðaliða og starfsfólk eftir útköll og æfingar.**
- RKÍ fer með þjálfun á sjálfboðaliðum, og almenningi í sálrænni skyndihjálp.**
- RKÍ hefur eftirlit með þekkingu á sálrænni skyndihjálp í landinu.**

5.6 Áfallahjálp og samstarf við presta

Sjá nánar í skýrslum Carlosar Ferrer (hópur 4a) og Margrétar Blöndal (kafli heilbrigðisþjónustu).

Tillaga HS að framtíðarskipulagi á æfingum:

Prestar - þeirra áætlanir og viðbúnaður, á sjúkrahúsum, í líkhúsi, í fjöldahjálparstöðvum, á heimilum, í stjórnstöð RKÍ og á þeim stöðum sem gert er ráð fyrir nærveru presta.

Heilbrigðisþjónusta og áfallahjálpar- áfallahjálparhópar og hópslysaáætlanir, samræming þessa á landsvísu.

Rauði kross Íslands – við þjálfum okkar sjálfboðaliða og stjórnendur í sálrænni skyndihjálp. Við höldum námskeið og fræðslufundi fyrir almenning um sálræna skyndihjálp.

-Við höldum utan um úrvinnslu fyrir okkar fólk eftir útköll og æfingar nema annað skipulag sé fyrir hendi á staðnum.

Fyrir æfingar: Hópur skipaður öllum þessum einingum sem hittist og vinnur saman að samhæfingu á hverjum stað. Þannig vita allir hvaða viðbúnaður og mannaflí er fyrir hendi á staðnum og hvaða bjargir er hægt að kalla til aðstoðar.

5.7 Skráningaþáttur

Þessi þáttur gekk vel svo langt sem hann náði.

Rauða kross fólk var fengið til aðstoðar á söfnunarsvæði slasaðra og er það alveg raunhæft og hefur margoft gerst. Best væri þó að ganga frá þessum hlutum fyrirfram svo að hægt sé að gera ráð fyrir fólki í það strax. Þar sem flokksstjórar voru á staðnum voru þeir einnig gripnir í ýmis önnur verkefni eins og að bera börur og þ.h.

Nýju skráningablöðin voru einföld og góð og var til bóta að nota sama blaðið á öllum stöðum. Það er eitt sem verður þó að athuga í framtíðinni að breyta gráa dálknum því grár litur faxast illa.

Skráningakerfi ríkislögreglustjóra

Á þessari æfingu átti að prófa að nota aftur skráningakerfið sem prófað var á æfingunni á Hornafirði og átti að skrá alla í greiningarstöðinni og síðan áttu, RKÍ, sjúkrahúsið og lögreglan að fá sitt eintak um leið eða beint af söfnunarsvæðinu. Búið var að ganga frá því að komið væri með eintök RKÍ til SSÓ á vettvangi og þaðan yrði þeim komið með sendiboða sem færi með þau í stjórnstöð neyðarnefndar.

5.8 Fjarskipti:

Upp komu vandamál með samband milli flugvallar og stjórnstöðvar neyðarnefndar og stafar það af því að ekki tókst að koma upp loftneti fyrir æfinguna. Stöðvarnar voru notaðar og koma notagildi þeirra bersýnilega í ljós og auðveldaði samskipti milli útstöðvanna.

Talstöðvar bakskipulags

Þegar kom í alvöruna í gær reyndi á þennan þátt, er bregðast varð við strax og höfum þetta í huga á næstu æfingum að passa þennan enda.

Kaflí 6

Stjórnstöð RKÍ í Efstaleiti í Reykjavík

6.1 Starfsemi stjórnstöðvarinnar í Efstaleiti

Punktar frá Gunnari Arnarsyni og Ingibjörgu Snævarr í stjórnstöð Rauða kross Íslands aðalskrifstofu RKÍ í Efstaleiti 9. Reykjavík.

- 14:26 talstöð prófuð milli stjórnstöðvar RKÍ og stjórnstöðvar Rauða kross deildar á Sauðárkróki
- 14:24 Hringt úr samræmingastöð AVRÍK og sagt að 50 manna flugvél hefði farist á Sauðárkróksflugvelli
- 14:30 Hringt í Karl Lúðvíksson formann RK deildar Skagafjarðar og sagði hann að verið væri að opna fjöldahjálparstöð í fjölbrautarskólanum.
- 14:45 Konráð Kristjánsson (KK) hringdi og sagði að búíð væri að virkja tiltækt lið fyrir norðan og verið væri að mynda loftbrú frá Akureyri -sagði að í vélinni hefðu verið 44 farþegar og 3ja manna áhöfn.
- 14:50 Hringt í Karl Lúðvíksson og staðfesti hann að búíð væri að opna fjöldahjálparstöð í fjölbrautarskólanum (FNV).
- 14:54 Hringdi í KK og hann látinn vita um fjöldahjálparstöðina.
- 15:10 Hringt í KK og beðið um farþegalista
- 15:11 KK hringdi og sagði að æfingin væri á hold vegna alvöru slyss.
- 15:15 Ingibjörg Snævarr tók við stjórnstöð RKÍ í Efstaleiti
- 15:20 Hringt í Karl Lúðvíks, hann staðfesti að um eitt slys væri að ræða
- 15:22 Hringt í Konna og sagði hann æfinguna stöpp í bili
- 15:25 Listi með nöfnum farþega kom á faxi
- 15:35 KK hringdi og sagði að ef fólk spyrði um slysið ætti að vísa á sýslumann og gaf hann upp símanúmer
- 15:47 Æingunni hætt vegna slyss

Í stjórnstöð mættu tveir héraðsprestar (sjá skýrslu Carlosar Ferrer) en í athugun er hvort eigi að fá héraðspresta til að vera á viðbragðsáætlun stjórnstöðvar RKÍ þar sem þeir hafa ekki brauð og eru því ekki fastir í öðrum hlutverkum. En prestar hafa verið kallaðir til aðstoðar ef starfrækja þarf upplýsingasíma fyrir aðstandendur.

Kaflí 7

Eftir að æfingin var stöðvuð

7.1 Stjórnstöð neyðarnefndar Skagafjarðardeildar RKÍ

Það var rétt farið að reyna á skipulag fjöldahjálparinnar þegar hópstóri (HS) heyrði í talstöð bakskipulags að hlé yrði gert á æfingunni þar sem að björgunarmaður hefði hrasað á bílflaki. Tók HS þá ákvörðun að halda æfingunni áfram þar sem æfing fjöldahjálparinnar var meira tengd fólki úti í bæ (aðstandendum sem hringdu inn) og að því leiti í lagi að halda áfram þangað til við vissum eitthvað meira. Lét HS alla sem staddir voru í stjórnstöð vita af þessu og ákvörðuninni og einnig hringdi hún í útstöðvar.

Þegar alvarleikinn hins vegar kom í ljós hóaði hópstjóri öllum sama og lét fólk vita hvernig staðan væri og að best væri að allir færu í fjöldahjálparstöðina í Fjölbrautarskólanum og fór strax þangað sjálf. Allir sem hringdu inn voru látnir vita að æfingunni hefði verið hætt en ekki hver raunveruleg ástæða var. Skrifaður var miði á hurðina og fólk bent á að koma upp í Fjölbrautarskóla en láðist að flytja símann áfram þangað eða í einhvern handsíma.

7.2 Opnun fjöldahjálparstöðvar

Æfingin og alvaran runnu saman og má segja að fjöldahjálparstöðin hafi opnað sig sjálf, því aldrei komu fyrirmæli frá aðgerðastjórn um að opna fjöldahjálparstöð en þörfin var vissulega fyrir hendi. Fólk kom beint af flugvellingum í fjöldahjálparstöðina strax eftir að atburðurinn átti sér stað og flokksstjórar, prestur sem var í æfingastjórn (CF) og sálfræðingur sem einnig var í æfingastjórn (EJ) aðstoðuðu þá einstaklinga sem fyrst komu.

7.3 Fundur í Fjölbrautarskólanum

Þegar æfingunni var hætt af lét HS hópstjóri fjöldahjálparhóps sem þá var komin í fjöldahjálparstöðina, flokksstjóra og starfsfólk vita af fyrirhuguðum fundi og var gengið í að undirbúa og útvega veitingar því vitað var að þetta yrði fjölmennur fundur. Síðan hafði HS samband við sjúkrahúsið og var ákveðið að hittast til að fara yfir fundinn og fór HS, EJ, framkvæmdastóri RKÍ og fleiri á sjúkrahúsið á fund sem haldinn var fyrir starfsfólk sjúkrahúsins. Sameinuðumst allir um að gera þetta eins vel og hægt var. Flokksstjórar Rauða krossins fóru í að gera klárt, útvega veitingar og fleira, en um 300 manns komu á fundinn í fjöldahjálparstöðinni sem haldinn var kl.17:00.

Þegar á reyndi varð það samvinnuverkefni Flugmálastjórnar, Rauða kross Íslands, heilbrigðisþjónustunnar (Áfallahjálparteymisins) og prestanna að halda þennan stóra fund í fjöldahjálparstöðinni. Að honum loknum hittist áfallahjálparteymið og skipulagði þá vinnu sem framundan var á svæðinu og tók þar með yfir stjórnunina á þessum verkþætti.

Sjá nánar í skýrslu Carlosar Ferrer (hópur 4a) og Margrétar Blöndal (kaflí heilbrigðisþjónustu).

7.4 Upplýsingþáttur

Rauða krossinum var fengið það hlutverk í skipulaginu að sjá um að veita upplýsingar til aðstandenda eins og áður hefur komið fram.

Könnun Rauða krossins

Vegna þess að eftir æfinguna var ætlunin að gera í fyrsta skipti könnun meðal “aðstandenda” varðandi það hvernig til tókst með upplýsingaþáttinn, voru fyrir hendi öll símanúmer leikara og aðstandenda þeirra. Þegar ljóst var að æfingunni yrði hætt ákváðum við

að hringja í foreldra þeirra leikar sem voru yngri en 18 ára og bjóða þeim að taka þátt í fundinum kl:17:00. Þá var einnig ákveðið að hringja í starfsfólk fjölbrautarskólans og bjóða því þátttöku í fundinum, vegna tengsla þeirra við hinn látna og fjölskyldu hans og önnuðust flokksstjórar og starfsfólk RKÍ þann þátt eining.

Lagt er til að þessum upplýsingum verði alltaf safnað hér eftir fyrir æfingar því það sýndi sig að þetta kom að góðum notum.

Kaflí 8

Skýrsla Ásu Jakobsdóttur

Útkallshópi Rauða kross Íslands

Gaman var að koma á Sauðárkrók og sjá hvað allur undirbúningur var góður og margir áhugasamir aðilar til staðar og reiðubúnir til starfa.

Í nýju og rúmgóðu húsnæði Rauða kross deildarinnar var unnið mikið og gott starf alla dagana fyrir norðan. Ný yfirfarin neyðarvarnaráætlun deildarinnar var afar glæsileg og til fyrirmyndar.

Undirbúningur:

Byrjað var á að fara yfir æfingarfyrikomulagið á sameiginlegum fundi allra þátttakenda. Til að kynna betur fyrir sjálfboðaliðunum hvað í vændum væri fór ég yfir eldri flugslysaæfingar þar sem þetta var mín þriðja og fór ég yfir hvað við höfum lært og hvað mátti betur fara. Fljótlega kom í ljós að fyrirfram ákveðið hlutverk hvers og eins í æfingunni gerði það að verkum að hver og einn hugsaði nær eingöngu um sitt hlutverk í æfingunni – óvissa um hlutverk hvers og eins hefði verið betra.

Vel var farið yfir skipulag Rauða krossins fyrir æfinguna – fyrirkomulag fjöldahjálparstöðvarinnar - samvinnu, samskipti og samskiptaleiðirnar, skipulag o.þ.l. Vegna þess hvað unnið er með mörgum aðilum var þörf á að fara vel yfir hvernig og hvers vegna samskipti við AVRÍK - aðgerðarstjórn, flugstöð, Rauða kross Íslands og sjúkrahúsið. Það gekk vel og allir voru vissir um hvað gera ætti á hverjum stað – og hvers vegna.

Nýir aðilar í æfingunni voru þeir sem sáu um sálræna skyndihjálp það fór mikill í allan undirbúning þess á staðnum – eftir að við vorum komin. Það var gott hvað vel var hægt að samræma og vinna úr því, eftir smá byrjunar erfiðleika. Í ljós kom að þegar þeirra varð þörf í raun var unnið gott og markvisst starf af þeim öllum.

Eftir að æfingin var stöðvuð:

Sjálfboðaliðar Rauða krossins fóru af flugvallarsvæðinu stuttu eftir að æfingin var stöðvuð – en það hefði e.t.v. verið þörf á þeim áfram í flugstöðinni – vegna þess að þeir sem léku sjúklinga í slysinu voru mest allt mjög ungt fólk og þeim var ekið að flugstöðvarbyggingunni og vissu ekki almennilega hvort þeir ættu að fara heim eða hvað þeir ættu að gera – í raun vissi enginn neitt og undarlegt ástand skapaðist – sumir hringdu í foreldra sína aðrir fengu far áfram í fjöldahjálparstöðina – allt gekk þó vel.

Það kom síðar í ljós að enginn var í stjórnstöð Rauða kross deildarinnar – en það er spurning hvort ekki hefði átt að vera manneskja þar til að svara í símann!

Í fjöldahjálparstöðinni var tekið vel á móti öllum af flugvellinum – þar stóð deildarfólk sig afar vel – einnig var hringt út til allra ættingja unga fólksins – yngri en 18 ára – sem tók þátt í æfingunni og þeir beðnir um að mæta í fjöldahjálparstöðina til að vera hjá þeim. Það er nauðsynlegt að gera “back up” plan ef til alvöru kemur í æfingum. Það var lán að við (RKÍ) höfðum beðið um að símanúmer aðstandenda yrðu skráð – vegna könnunar sem átti að gera – þau símanúmer komu sér vel.

Fjarskipti:

Tetra talstöðvar komu sér vel fyrir æfingarstjórn – en það verður að passa að þeir sem taka þátt í æfingunni heyrðu margt sem sagt var í þær og sem “SAS” fólkið sagði sín á milli án þess að hugsa um hver heyrði! m.a. þess vegna verður að vera “back up” plan sem tekur tillit til þess. Það kom í ljós á fundum eftir æfinguna að margir heyrðu ýmislegt sem þeir áttu ekki að heyra og einnig margt sem ekki stóðst – í talstöðvum, í flugstöð, á göngum skólans - það er miður og því nauðsynlegt að taka það til athugunar í næstu æfingum.

Ása Jakobsdóttir, Útkallshópi R

Kaflí 9

Skýrsla Katrínar Maríu Andrésdóttur Svæðisfulltrúa Rauða kross Íslands á Norðurlandi

Undirbúningur Svæðisfulltrúa fólst m.a. í:

1. Að sjá til þess að viðkomandi deild/deildir hafi nægilega margt þjálfað fólk til þátttöku. Ef skortur er á mannskap þarf að útvega hann og þjálfun fyrir hópinn.
2. Að sjá til þess að til sé neyðaráætlun sem unnið er eftir.
3. Að samræma þátttöku deilda í æfingunni, ef fleiri en ein deild af svæðinu tekur þátt. Fyrir æfinguna í Skagafirði var haldið flokksstjóranámskeið í byrjun mars og síðan unnin neyðarvarnaáætlun á svæðinu með þátttöku allra flokksstjóranna. Gerð neyðarvarnaáætlunar var stýrt af vinnuhópi sem Skagafjarðardeildin skipaði til verksins.

Aðstaða fyrir starf deilda (húsnæði) er forsenda fyrir því að vel sé hægt að vinna að neyðarvörnum og festa í sessi gott skipulag. Það tafði nokkuð undirbúning æfingarinnar að vinnu við húsnæði Skagafjarðardeildarinnar var ekki að fullu lokið og enn átti eftir að útvega og lagfæra húsgögn, tengja símalínur, faxtæki, útvega kaffivörur, ræstivörur, ritföng og fleira. Af þessu má læra að vinnan verður þeim mun léttari fyrir flokksstjórana ef þeir vinna í húsnæði sem þeir þegar þekkja.

Æfingar Flugmálastjórnar eru umfangsmiklar en um leið kjörnar til að sem flestir taki þátt í þeim og nýti þá fræðslu og reynslu sem þær færa. Einungis ein önnur deild á Norðurlandi sá sér fært að senda flokksstjóra til þátttöku og komu Björn Ingi Óskarsson og Dóra Sveinbjörnsdóttir frá Skagaströnd að æfingunni, auk flokksstjóra Skagafjarðardeildar.

Til fyrirmyndar er að hafa gott skipulag. Ferlið við undirbúning æfingarinnar var langt og mikill metnaður var til að standa sem best að málum. Þegar nær dró æfingunni bar þó nokkuð á því að búið væri að útfæra í smáatriðum hjálparstarf og viðbrögð. Þetta hefur þann galla að geta orðið flókið ásýndum og getur valdið verkkvíða hjá flokksstjórunum. Eftir á að hyggja er sennilega betra að raða ekki niður á stafsstöðvar fyrirfram eða útfæra of mikið starfsemi hvernig starfsstöðvar fyrir sig. Leita þarf leiða til að einfalda skipulagið og framsetningu gagna.

Æfingin

Undirrituð valdi þann kostinn að fylgjast með flokksstjórum að störfum sem víðast. Þar sem undirrituð tók þátt í þjálfun og undirbúningi æfingarinnar var mikilvægt að fylgjast með á sem flestum sviðum, ekki síst til að reyna að meta hvort undirbúningi væri áfátt að einhverju leiti. Þetta hefur þó í för með sér að tímasetningar og minnisþingar eiga við um fleira en eitt starfssvæði.

Flugvallarsvæði og söfnunarsvæði aðstandenda(SSA)

14:00 EJ, LOS, KMA, fara í skoðunarferð um flugskýli og flugstöð. Hittum SÁ, landlækni og annað starfsfólk æfingarinnar.

Athygli vakti að engin snyrting er á söfnunarsvæði óslasaðra.

EJ, LOS, ÞG, og SÁ fara í rútukálfi út á enda flugbrautar til að fylgjast með uppsetningu vettvangs.

14:22 Flokksstjóri Árdís fær útkall. Eini flokksstjórinn sem fær skilaboð á þessari stundu.

14:26 Aðstandandi úr flugstöð (Olga) hleypur inn á flugbraut, óáreittur, í átt að vettvangi.

14:26 Aðstoðarslökkviliðsstjóri kemur á vettvang, ekur í gegn um flugbrautarhlið og inn á vettvang.

14:29 Fréttamaður Þórhallur hleypur inn á flugbraut í átt að vettvangi.

14:29 Lögregla kemur á staðinn. Skilur eftir mann í hliði sunnan við flugstöð sem stjórnar og takmarkar umferð inn á flugbraut. Skráir alla sem fara inn og út.

- Lögreglumaðurinn tilkynnir í talstöð um aðstandanda og fréttamann sem "sloppið" hafi inn á svæðið.
- 14:31 Björgunarsveitin Grettir ekur í geng um flugbrautarhlið.
- 14:33 Vatnsbílar slökkviliðs aka í gegn um flugbrautarhlið.
- 14:34 Lögreglubíll og J291 í gegn um flugbrautarhlið.
- 14:36 Fréttaljósmyndari Pétur Ingi mættur við flugbrautarhlið og vill fá inngöngu, synjað um það. Leitar inngönguleiða meðfram girðingunni.
- 14:36 Björgunarsveitin Grettir ekur út um flugbrautarhlið.
- 14:37 Aðstandandi úr flugstöð, Margrét, reynir inngöngu um flugbrautarhlið, stöðvuð af flugvallarstarfsmanni Vigfúsi.
- 14:38 Aðstandandi, Olga, fluttur af vettvangi og út um flugbrautarhlið. Ath. Henni var bara sleppt út um hliðið - enginn tók hana í sína umsjá þar !!!
- 14:40 Greiningarsveit kemur til starfa í flugskýli.
- 14:42 Flokksstjórar taka til starfa eftir að KMA hringir í Herdísi og tilkynnir um að útkallið hafi farið forgörðum. Einungis nokkrir úr hópnum fengu útkall, ýmist sms, hringingar eða hringingu með talvél.
- 14:40-14:43 Flugvallarstarfsmaður á vappi við flugbrautarhlið og austan við flugstöð án sýnilegs hlutverks.
- 14:43 Skagfirðingasveit SVFÍ ekur inn um flugbrautarhlið.
- 14:43 Fréttamaður, Þórhallur, fluttur af vettvangi af lögreglu, sleppt út um flugbrautarhlið.
- 14:43 Bíll inn um flugbrautarhlið merktur Landsbjörg.
- 14:45 Flokksstjórar komnir til starfa til aðhlynningar aðstandenda í flugstöð.
- 14:45 Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð ekur í gegn um flugbrautarhlið.
- 14:47 Fréttamaður, Pétur Ingi, leitar enn inngöngu um flugbrautarhlið.
- Söfnunarsvæði slasaðra(SSS) / söfnunarsvæði óslasaðra(SSÓ).*
- 14:48 Flokksstjórar RKÍ mættir til starfa. Héldu til á söfnunarsvæði slasaðra til að geta strax sinnt óslösuðum farþegum (aðstandendur slasaðra) aðstandendum og fylgt þeim á SSÓ eftir atvikum.
- 14:48 Læknir Jón B. fer yfir skráningarmál til að samræma skráningu í flugskýli, þ.e. milli greiningarsveitar, lögreglu og Rauða krossins.
- 14:50 Linda Ósk hringir, stödd á brautarenda, tilkynnir að greiningu á vettvangi sé að verða lokið.
- 14:52 Flokksstjórar RKÍ beðnir um aðstoð við að bera teppi. Umbeðið: Þorsteinn. Flokksstjórar lána Rauða kross teppi.
- 14:53 Vinnuaðstaða á SSS orðin klár. Allir merktir, stjórnandi, Grete læknir, áberandi auðkennd.
- 14:55 Grete óskar eftir aðstoð frá flokksstjórum RKÍ við skráningu á SSS. Flokksstjórar ræða málið, skipta verkum og útfæra.
- 14:57 Grete kallar allt starfsfólk í skýlinu saman, tilkynnir um stöðuna og fer yfir fyrirkomulag skráningar.
- 15:05 Fyrsti sjúklingur inn á SSS.
- 15:07 Ljósmyndari merktur ríkislögreglustjóra að störfum við myndatöku á SSS.
- 15:10 Annar sjúklingur inn á SSS. Honum fylgdi aðstandandi sem Jóna flokksstjóri RKÍ og síðar Dóra sinntu.
- 15:14 Þriðji sjúklingur inn á SSS.
- 15:16 Dóra orðin föst við sjúkrabeð hjá sjúklingi nr. 2. Farin að lyfta og aðstoða við aðhlynningu sj. - aðstandandi fylgist með.
- 15:23 Þorsteinn frá Heilbrigðisstofnuninni óskar eftir aðstoð flokksstjóra Rauða krossins við að flytja til börur og sjúklinga. Einn flokksstjóri RKÍ fer af SSS/SSÓ yfir í flugskýli til að kanna hvort þar sé auka mannskapur sem geti aðstoðað þar sem mikið er að gera á SSS / SSÓ.

Gert hlé á æfingunni og henni síðan hætt.

Í heildina virtist þetta allt saman ganga eftir bókinni. Augljós hætta er þó á því þegar skráning fer fram á SSS að flokksstjórar festist í því að aðstoða hjúkrunarfólk og lækna, bera börur o.fl. þ.h. og skráningin og umönnun aðstandenda líði fyrir það. Flokksstjórar RKÍ héldu ró sinni, virtust meðvitaðir um sitt hlutverk og fljótir að aðlagast breytingum á skráningarfyrirkomulaginu eftir að skráningin var færð af SSÓ á SSS.

Æfingunni hætt

Undirrituð fékk vitneskju um að til alvöru væri komið á SSS (heyrðist í talstöðvum ofl.) Eftir að hafa fengið staðfest frá Lindu og Herdísi hvað gerðist, ræddi undirrituð við alla flokksstjóra RKÍ sem voru á staðnum og gerði þeim grein fyrir stöðunni. Beindi öllum í fjöldahjálparstöð. Þessar mínútur þar sem flokksstjórnir fengu til að undirbúa sig fyrir næstu tíðindi reyndust dýrmætar síðar því flokksstjórnanna beið mikið starf við opnun og starfrækslu fjöldahjálparstöðvarinnar.

Þegar undirrituð er að leggja af stað frá flugvelli í fjöldahjálparstöð, ásamt Árdísi flokksstjóra, kom einn leikarinn úr æfingunni og benti okkur á annan leikara sem var farlaus og hafði verið stutt frá vettvangi þegar til alvöru kom. Leikarinn virtist ráðvilltur og við sinntum honum að sjálfsögðu.

Benda má á að þarna hefði þurft að gera ráðstafanir strax til að safna saman leikurunum sem flestir voru af yngri kynslóðinni og aka þeim til fjöldahjálparstöðvarinnar. Jafnvel hefði mátt biðja flokksstjóra RKÍ um að fara með þeim í rútukálfnum til frekari aðhlynningar.

Þegar komið var í stjórnstöð fjöldahjálpar í Aðalgötu voru skilaboð á hurð þess efnis að allir skyldu mæta í fjöldahjálparstöð. Var það til fyrirmyndar. Því miður láðist að flytja símann þaðan.

Flokksstjórnir hafa hist þrisvar sinnum eftir æfinguna og nú á næstu dögum á að hittast í síðasta sinn fyrir sumarleyfi. Það eru skiptar skoðanir um hvort rétt hefði verið að taka upp þráðinn að nýju með óbreyttu fyrirkomulagi í haust. Flestir vilja þó fá æfingu á skráningarþættinum og í athugun er að starfsfólk RKÍ aðstoði við að koma slíkri æfingu á.

Þegar á allt er litið hefur þessi æfing, undirbúningur hennar og aðgerð í kjölfarið skilað stórum, samstilltum og þjálfuðum hópi sem er tilbúinn til að sinna útköllum í Skagafirði og þekkir það vinnulag sem viðhaft er við stórslys. Hafi þetta verið meginmarkmiðið í upphafi, þá náðist það. Ég lærði mikið, svo var um flesta aðra. Bestu þakki til allra sem að æfingunni komu fyrir samstarfið.

Sauðárkróki 11. júní 2001 - Katrín María Andrésdóttir.

Kaflí 10

Skýrsla frá Karli Lúðvíkssyni formanni Skagafjarðardeildar RKÍ

Þegar eftirfarandi pistill er skrifaður hef ég lesið drög að þessari ágætu skýrslu Rauða krossins sem mér finnst bæði ítarleg og vönduð. Ef forðast á endurtekningar hef ég því litlu við að bæta.

Um störf og þátttöku neyðarnefndar sem ég veiti formennsku má lesa í skrifum Herdísar í 5. kafla og einnig á fleiri stöðum í skýrslunni.

Ef frá er talið hið hörmulega dauðsfall sem átti sér stað, finnst mér að æfingin sem slík hafi tekist vel og skilað því sem til var ætlast.

Ég fagna því að Skagafjarðardeild RKÍ er nú komin með góða neyðarvarnaáætlun með tilheyrandi fjölda flokksstóra og annarra sjálfboðaliða sem fengið hafa bæði námskeið og þjálfun. Fyrir þetta er ég mjög þakklátur öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Eins og fram hefur komið á deildin nú sitt eigið húsnæði sem býður upp á ýmsa möguleika til að auka við og bæta starfið. Það sýndi sig líka vel á æfingunni hversu gott og mikið öryggi er í því að eiga tryggan samastað fyrir neyðarnefnd deildarinnar, búinn tilheyrandi fjarskiptabúnaði, teppum, dýnum og fatapökkum og öðrum þeim búnaði sem neyðarvarnaráætlun gerir ráð fyrir.

Undirbúningur, fræðsla og leiðsögn meðan á æfingunni stóð fannst mér til fyrirmyndar.

Hins vegar leyfi ég mér að gera eftirfarandi tvær athugasemdir:

1. Fræðsla og fyrirlestrar sem fluttir eru dagana fyrir slíkar æfingar tel ég að gagnist fleirum ef þeir hæfust ekki fyrr en kl. 17:00. Ég veit um nokkra sem ekki gátu nýtt sér áhugaverða fyrirlestra og þátttöku í vinnuhópum að deginum vegna þess að ekki var gott að fá sig lausan úr vinnunni.
2. Mér finnst að boðun eða útkall á svona æfingu þurfi að færa nær raunveruleikanum til þess að þar fáiast einnig raunhæf og góð æfing.

Varmahlíð 10. júlí 2001 - Karl Lúðvíksson

Kaflí 11

Tillögur til úrbóta

Rauða kross deildin

- Varast ber að ganga frá hlutverki sjálfboðaliða í fjöldahjálpi fyrir æfinguna.
- Hefja fræðslu og fyrirlestra fjöldahjálpar fyrir sjálfboðaliða Rauða krossins eftir kl. 17:00
- Setja inn í neyðarvarnaáætlun að möguleiki sé á annarri aðkomu í fjöldahjálparstöðinni, eins og gert var á æfingunni.
- Æskilegt væri að vera með fast fax á skrifstofu í stjórnstöð neyðarnefndar Rauða kross deildarinnar.
- Bjóða öllum sjálfboðaliðum Rauða krossins upp á fjölmiðlaþjálfun fyrir æfingar.
- Halda litla skráningaræfingu fyrir flokkstjóra fyrir og eftir æfingu.

Skráningar og upplýsingar

- Samræma skráningarkerfi allra viðbragðsaðila.

Fjölmiðlar

- Hafa sérstakan fjölmiðlahóp sem samanstendur að fulltrúum allra viðbragðsaðila.

Sjúkrahús

- Stofnaðir verði samráðshópar um áfallaaðstoð á hverjum stað á landinu. Hópurinn verði skipaður fulltrúa heilbrigðisstofnunarinnar, áfallahjálparteymisins (þar sem það er fyrir hendi), Rauða krossinum og presta, auk starfsmanna félagsþjónustu og skóla á hverjum stað. Hlutverk hópsins yrði að fara reglulega yfir viðbúnað svæðisins. (Er í vinnslu).
- Útbúa verklýsingu fyrir tengilið Rauða kross deildarinnar á sjúkrahúsi í samvinnu við hópslysanevnd sjúkrahúss.
- Útbúa verklýsingu er varðar hlutverk sjálfboðaliða Rauða krossins í dyravörslu á sjúkrahúsi.

Flugvöllur

- Gangi frá hvort óskað er eftir aðstoð Rauða kross fólki í skráningu á söfnunarsvæði slasaðra í séráætlun flugvallarins. Breyta áætlun sé þess óskað.
- Setja í áætlun flugvallarins að gefa upplýsingar um upplýsingasíma neyðarnefndar Rauða kross deildar í Aðalgötu í símsvara flugvallarins.

Prestar

- Auka samvinnu við presta á hverjum stað.
- Upplýsa presta á staðnum um þeirra þátt í neyðarvarnarskipulagi Rauða kross Íslands og kynna þeim neyðaráætlun Rauða kross deildar á hverjum stað.
- Tryggja þátttöku héraðspresta á neyðarvarnaáætlun aðalskrifstofu RKÍ og hlutverki þeirra í áætluninni.
- Gera ráð fyrir þátttöku presta í undirbúningi á sjúkrahúsa í fjöldahjálparstöðvum, á heimilum, í stjórnstöð RKÍ.

Sálræn skyndihjálp

- Rauði kross Íslands fer með þjálfun á sjálfboðaliðum Rauða krossins og almenningi í sálrænni skyndihjálp.
- Rauði kross Íslands fer með þjálfun á sjálfboðaliðum Rauða krossins og almenningi í skyndihjálp.
- Rauði kross Íslands hefur eftirlit með þekkingu á skyndihjálp í landinu.
- Rauða kross fólk veitir sálræna skyndihjálp í fjöldahjálparstöðvum og á öðrum stöðum þar sem starf okkar fer fram.
- Rauði kross Íslands fer með skipulagningu og úrvinnslu fyrir Rauða kross fólk eftir útköll og æfingar nema annað skipulag sé fyrir hendi á staðnum.
- Rauði kross Íslands heldur námskeið í sálrænni skyndihjálp fyrir þátttakendur æfingar.
- Rauða kross Íslands heldur fræðslufund um sálræna skyndihjálp fyrir almenning fyrir æfingar.
- Ljúka við verklagsreglur vegna úrvinnslu fyrir sjálfboðaliða Rauða krossins og starfsfólk eftir útköll og æfingar.

Fjarskipti

- Setja upp loftnet á þaki stjórnstöðvar neyðarnefndar í Aðalgötu.
- Taka ákvörðun um kaup á Tetra talstöðvum í stjórnstöð RKÍ í Efstaleiti.
- Skrá talstöðvæign Rauða kross deilda í stjórnstöð RKÍ. Hugsanlega komi þær upplýsingar einnig fram í neyðaráætlunum deilda.

Er snýr að öllum

- Útbúa varaáætlun fyrir alla viðbragðsaðila ef til slyss kemur.
- Varast að nota ekki bakskipulagstalstöðvar í nærveru annarra en hópstjóra.
- Færa boðun eða útkall á æfingunum nær raunveruleikanum til þess að þar fáiast raunhæf og góð æfing.
- Safna upplýsingum um aðstandendur “sjúklinga” fyrir æfinguna.
- Tryggja að allir sem að æfingunni koma þekki reglur um upplýsingagjöf og þekki það viðbragðsskipulag sem fyrir er á hverjum stað.
- Starfsmenn Rauða krossins er taka þátt í æfingunni haldi reglulega stöðufundi (stutt rapport) bæði á meðan á undirbúningi stendur og mat eftir æfinguna.

Hópur 4a – sálræn skyndihjálpar og eftirfylgd

Pátttakendur

Áfallstuðningshópur í Skagafirði (á vegum heilbrigðisstofnunar Sauðárkróks), sóknarprestur í Skagafjarðarprófastsdæmi, Elín Jónasdóttir, RKÍ og Carlos Ferrer, Biskupsstofu, sem er höfundur þessarar skýrslu.

Undirbúningur

Þar sem Rauða krossi Íslands er falið það hlutverk að starfrækja fjöldahjálparstöðvar á sýndist mér eðlilegast að undirbúa þátt presta í hópslysæfingunni í samvinnu við neyðarvarnarmáttátt og deildarstjóra sálrænnar skyndihjálpar hjá Rauða krossi Íslands, þeim Herdísí Sigurjónsdóttur og Elínu Jónasdóttur. Á fundum mínum, Herdísar og Elínar var ákveðið að við vildum leggja áherslu á að æfa sálræna skyndihjálpar fyrir þolendur og veita hjálparfólki eftirfylgd í æfingarlok. Rétt áður en æfing hófst bættist Margét Blöndal úr Áfallahjálparteymi LSH Fs í hóp 3 Heilbrigðisþjónusta. Eins var ákveðið að sérstakur starfshópur (4a) skyldi myndaður á æfingunni til þess að gera störf hans markvissari og ljósari.

Þegar komið var norður á Sauðárkrók voru haldnir 6 fundir með prestunum Guðbjörgu Jóhannsdóttur, Döllu Þórðardóttur og Ólafi Hallgrímssyni (auk þess sem sr. Gísli Gunnarsson kom laugardaginn til undirbúnings og æfingar) og fulltrúum úr Áfallstuðningshópi Skagafjarðar dagana 25. til 28. apríl. Ákveðið var að skipta hópnum í tvennt og hittust prestar í Skagafirði á öðrum tímum en áfallstuðningshópurinn.

Áfallstuðningshópurinn kom auk þess nokkrum sinnum sérstaklega saman með Margréti Blöndal til að ræða neyðaráætlun Heilbrigðisstofnunarinnar og undirbúa störf sín á æfingunni. Þar var ákveðið að prestar skyldu kallaðir út til að vinna með Áfallstuðningshópi og hafa bækistöð í heilbrigðisstofnun Sauðárkróks.

Boð um að prestar og Áfallstuðningshópur ættu hlutverk á æfingunni Sauðárkrókur 2001 barst tiltölulega seint til Sauðárkróks og manna á milli, t.d. fékk sr. Guðbjörg ekki boð til að koma á æfinguna fyrr en tæplega viku áður en hún hófst. Ástæðu er m.a. að finna í því að vinnan við að móta hlutverk presta og Áfallstuðningshóps á æfingunni hófst ekki fyrr en að annar undirbúningur æfingarinnar var vel á veg kominn.

Verkáætlun

- ♦ Áfallstuðningshópur og prestar sinna áfallasálgæslu þolenda, fjölskyldna þeirra og tilkynninga um látna meðan á æfingu stendur.
- ♦ Héraðsprestur sinnir símaþjónustu í höfuðstöðvum Rauða kross Íslands í Efstaleiti í Reykjavík til að tilkynningar berist til aðstandenda utan vettvangs. Héraðsprestar hafa engar skyldur gagnvart sóknarbörnum að gegna og hafa góð sambönd við presta víðsvegar um landið.
- ♦ Þurfi prestar á aðstoð að halda, leita þeir til stýrihóps áfallstuðningshóps (n.t.t. Guðrúnar Jóhannsdóttur eða Þorkels Þorsteinssonar). Ef leita þarf hjálpar utan héraðs leitar stýrihópur eftir henni til aðgerðastjórnar sem hefur samband við AVRÍK.
- ♦ Heilbrigðisstofnun skipuleggur og heldur utan um eftirfylgd við þolendur.
- ♦ Eftirvinnsla verður boðin hópum hjálparmanna í formi 15 – 30 mínútna viðrunarfunda þar sem bæklingi verður dreift og boðið upp á samtal.

-
- ♦ Úrvinnslufundir 1-2 sólarhringum eftir að hjálparstörfum er lokið í höndum áfallastuðningshópi, enda starfa margir með fagþekkingu til þeirra verka á starfssvæði heilbrigðisstofnunarinnar.

Framkvæmd

Æfingin var búin að vera í gangi í tæpa klukkustund þegar hún snérist í alvöru hvað sálgæslu og sálræna skyndihjálparstörf varðar. Þeir sem áður æfðu ræktu nú störf sín. Heimamenn og æfingastjórn tóku höndum saman að því að gera í raun óbærilegan atburð eins bærilegan og hægt var.

Kl. 17 var haldinn fjölmennur fundur með öllum sem komu að æfingunni í fjöldahjálparstöðinni. Vegna þess fjölda sem þar var saman kominn var ekki notuð viðrunartæknin, eins og lýst er fyrir ofan, heldur var “demobilisation” felld í fundinn og helgistund.

Daginn eftir var haldinn rýnisfundur með þeim hjálparmönnum sem komu að æfingunni eins og ráð var fyrir gert í dagskránni. Var þá frekari upplýsingar veittar um það sem gerst hafði. Samhliða því var öllum þeim börnum og unglingum sem komu að æfingunni boðið á rýnisfund sem haldinn var á vegum Áfallastuðningsteymisins.

Héraðsprestar komu í stjórnstöð Rauða krossins í Efstaleiti í Reykjavík, en aldrei reyndi á þeirra þátt í æfingunni.

Álitsgerð.

Það kom fljótlega í ljós að hugtakanotkun, boðleiðir og skipulagsmál vöfðust fyrir fólki þegar heimamenn og fulltrúar æfingarstjórnar komu saman.


- ♦ Orðin sálræn skyndihjálpar, eftirfylgd, viðrun, áfallahjálpar voru á meðal þeirra sem vöfðust fyrir prestum þegar komið var að undirbúningi æfingarinnar. Báðu heimaprestar **um námskeið og fundi** þar sem þessi mál væru rædd, kennd og gerð ljós. Mikilvægt er að í fyrstu umferð séu það prestar og/eða guðfræðingar sem kenndu þessi námskeið, að leitað verði til annarra starfsstétta á síðari stigum.
- ♦ Það er gott mál að prestar taki þátt í störfum áfallastuðningshópa sem starfa undir heilbrigðisstofnunum í héraði. Sú vinna styrkir prestana jafnt sem aðra fagmenn á sviði geðheilbrigðismála og þéttir netið sem heldur utan um þolendur og hjálparmenn í hópslysum. Það er tillaga mín að **prestum verði kynnt málefni áfallasálgæslu**¹ til þess að þeir geti starfað á eigin forsendum, þ.e. sem boðberar trúar og sálusorgarar með slíkum hópum.
- ♦ Boðleiðir þegar um hópslys er að ræða var prestum ekki ljós: hver kallar út, hvert á að leita hjálpar voru ræddar og samþykktu menn að notast við þær **boðkerfi** sem **AVRÍK** viðhefur í slíkum tilfellum. Það þarf að kynna.
- ♦ Prestum nyrðra var ekki ljós þáttur þeirra í neyðaráætlun Rauða kross Íslands og hvaða hlutverki þeim er ætlað í fjöldahjálparstöð. Út því þarf að bæta hið bráðasta, með kynningum og umræðum. Eðlilegast er að **Rauði krossinn og fulltrúar biskupsembættis kynni prestum hlutverk þeirra í neyðarskipulagi.**

¹Prestleg áfallahjálpar og módel, þar sem prestar og heilsugæsla vinna saman að viðbrögðum við stóráföllum má lesa um hjá **George S. Everly**: Pastoral Crisis Intervention; International Journal of Emergency Mental Health, 2000, 2 (2), pp. 69-71J. “(Pastoral Crisis Intervention is) the functional integration of psychological crisis intervention with pastoral care”; **sami höfundur**: The Role of Pastoral Crisis Intervention in Disasters, Terrorism, Violence, and Other Community Crises, International Journal of Emergency Mental Health, 2000, 2(3), 139-142J.

-
- ♦ Ekki var ljóst hvenær ætti að kalla til presta eða áfallahjálpar utan héraðs, hvenær bjargir í héraði dygðu ekki lengur, eins og gera má ráð fyrir að komi í ljós á fyrsta klukkutíma þegar um hópslys er að ræða. Ætla má að í hópslysi séu flestir heimamanna, sem eiga að sinna sálrænni skyndihjálpar og eftirfylgd líka aðstandendur þolenda. Á þessari æfingu kom það ekki að sök þar sem henni var frestað innan við klukkutíma eftir að hún hófst. Um þetta þarf að ræða innan prestastéttarinnar og **hópslysaáætlun með útkallslistum** þarf að verða til, svo að dýrmætur tími fari ekki forgörðum þegar alvara er á ferðum.
 - ♦ Gerð verði úttekt á þörfum prestlegrar þjónustu í hópslysum og unnin áætlun sem nær frá undirbúningi hjálparliðs og almennings til eftirmeðferðar þeirra. Sú vinna þarf að gerast á löngum tíma og í samvinnu presta og annarra sem koma að sálrænum áföllum fólks. Flugslysaæfingar Flugmálastjórnar eru kærkominn vettvangur þessarar umræðu. Það er tillaga mín að áhersla verði lögð á að prestar taki þátt í þessum æfingum og að sá kostnaður sem þeir kunna að hafa af þátttöku sinni verði greiddur úr sjóðum kirkjunnar.
 - ♦ Verkefni presta og áfallahjálpara verða vart unnin af einum hópi á æfingum. Heilsustofnanir starfrækja áfallahjálparteymi og ætti að æfa hópslysaáætlun þeirra á æfingum Flugmálastjórnar. Þáttur presta er annars staðar og samt skarast störf þeirra og áfallahjálpara. Æfingastjórn endurskoði þátt sálrænnar skyndihjálpar og áfallahjálpar á æfingum og setji skýr markmið sem hægt er að ná fram á þeim tíma sem æfingarnar standa.


Kolfreyjustað við Fáskrúðsfjörð, 29. maí 2001

Sr. Carlos Ferrer, sóknarprestur
Fulltrúi hópslysanefndar kirkjunnar.



Kafli 7

Flugslysarannsókn





LÖGREGLAN RANNSÓKNARDEILD

Mál nr. _____

Rannsókn flugslyss á léttu loftfari (Minni háttar mál)

Hver tilkynnir _____

dags/tími: _____

Slysstaður: _____

- Boða/tilkynna rannsóknarnefnd flugslysa (Neyðarlínan 112)
- Kalla til aðstoð við vettvangsrannsókn
- Hafa samband við fulltrúa eiganda/rekanda




Komið á staðinn:

- Vettvangur tryggður (Girða af)
- Ganga um svæðið, meta það og fá tilfinningu fyrir aðstæðum. Skrifa athugasemdir eða lesa inn á segulband. Athuga hvort hætta leynist á vettvangi og öruggt að hefja rannsókn.
- Ljósmynda frá öllum hliðum, feril, skrófu, hjól, stjórnfleti, skemmdir, stjórnklefa. Allt athyglisvert áður en hreyft er. Yfirlitsmynd – ath loftmynd/fréttamenn sem fljúga yfir. Taka myndir jafnóðum og eitthvað er tekið í sundur eða hreyft er við því.
- Aftengja og fjarlægja rafgeymi og neyðarsendir – fór hann í gang? (hlusta á 121,5 mhz). Taka hann til hliðar og slökkva á honum. (Þrjár stillingar, ARM, ON, OFF: staðsetning venjulega í stélhluta minni flugvéla)
- Lík og/eða líkamspartar ekki hreyfðir nema í samráði við Rannsóknarnefnd flugslysa og ID-nefnd. (Getur skipt máli hver var stjórnandi flugvélarinnar)

Framhald gert í samráði við Rannsóknarnefnd flugslysa.

- Staðfesta magn eldsneytis og hverfuleika eldsneytis/farms. Hve mikið eldsneyti var um borð. Í hvaða geymi var/ er það? Staða eldsneytisloka, staða eldsneytishana. Taka sýni úr eldsneyti og öðrum vökvum.
- Fjarlægja súrefnisflöskur og slökkvitæki, öll blys og annað hættulegt.

- Hleypa úr dekkjum, vökvaprýstikerfi, leggjum hjólanna – ef það virðist nauðsynlegt eða er öruggara.
- Finna flugstefnuna – merkja miðlínu frá fyrsta fari til þyngstu hlutanna. Mæla og teikna vettvang út frá miðlínu. Gera dreifingaruppdrátt í landingar/brotfarinu og skrá smáatriði.
- Skrá athugasemdir varðandi hreyfla, skrúfur og skurð, eldsneyti, þrýstikerfi, rafkerfi, hjólabúnað, stjórnfleti, stöðu stjórnflata skoða samræmi milli stjórnklefa og stjórnflata. Allt grunsamlegt og athyglisvert t.d. þreytusprungur. (verja með plastpokum, málningarstrok eftir annan hlut loftfarsins)
- Taka alla pappíra, skjöl, og skírteini, kort og bækur sem eru í stjórnklefa. Skoða í vasa og hanskahólf
- Taka öll persónuleg verðmæti, farangur, frakt og aðra hluti af slysstað. (Vigta og skrá staðsetningu)
- Taka mælitæki úr loftfarinu til rannsóknar. (Fer eftir mati)
- Gæta að ummerkjum eftir hugsanlegt “birdstrike”. (Árekstur við fugla).
- Ef eldur kom upp, leita upptaka eða ummerkja hvort eldur kom upp fyrir landinguna eða í slysinu. Meta eldsneytið sem brann eftir landingu. Hverskonar slökkviefni notað? (Hve mikið? Hver slökktí?)
- Reyna að finna Carbonmonoxýð-spjald. Litur þess. Var reykt í stjórnklefa? Staðsetning venjulega við mælaborð eða nálægt flugmanni)
- Hver er u.þ.b. halli landsins: _____ ° Hve langt rann loftfarið: _____ (m).
- Greina áreksturshorn, fallhraða, feril og stöðu.



- Þarf að senda eitthvað á rannsóknarstofu – taka það til – gera ráðstafanir. a) læknisfræðilegt (Co, lyf) eða - b) Mekanískt (Málmþreyta, sprenging).
- Gera veðurathugun á slysstað. Hvað segja vitni um veðrið. Hæð slysstaðar yfir sjávarmáli. (Hæðarmælir þyrllu).
- Staðfesta raðnúmer skrokks, hreyfla og loftskrúfna. Rífa dataplötur af ef loftfarið er ónýtt.

Skráning og skýrslugerð:

- Skrá niður farþega (fá farþegalista hjá flugrekstaraðila)
- Skrá niður vitni og lýsingu þeirra á atburðarás
- Geining látinna (Ath. RNF og ID-nefnd)
- Bera saman lista yfir farþega og áhöfn
- Skrá niður farangur og koma honum til réttra eigenda
- Framburðarskýrsla af áhöfn, farþegum og vitnum
- Vettvangsteikning
- Vettvangsskýrsla
- Ljósmyndir
- Videomyndir



Rannsóknarnefnd flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa tók til starfa 28. júní 1996 í samræmi við lög nr. 59/1996 um rannsókn flugslysa. Jafnframt var þá flugslysarannsóknardeild Flugmálastjórnar lögð niður, svo og starfsemi flugslysaneftndar sem var skipuð árið 1968 samkvæmt þágildandi loftferðalögum. Nefndin starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Hún heyrir stjórnsýslulega undir samgönguráðherra.

Nefndina skipa fimm menn:

- Skúli Jón Sigurðarson, BA, formaður RNF.
- Þorsteinn Þorsteinsson, flugvélafræðingur, varaformaður RNF.
- Kristján Guðjónsson, lögfræðingur hjá Tryggingarstofnun Íslands.
- Steinar Steinarsson, flugstjóri hjá Flugleiðum hf,
- Sveinn Björnsson, flugmaður og framkvæmdastjóri Flugþjónustunnar ehf,

Þeir Skúli Jón Sigurðarson og Þorsteinn Þorsteinsson eru skipaðir ótímabundið og eru fastir starfsmenn nefndarinnar. Hinir þrír nefndarmennirnir eru skipaðir til 4 ára í senn. Núgildandi skipun þeirra gildir til 1. júlí 2000.

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur aðsetur á 2. hæð húss Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík og heimilisfang hennar er:

Rannsóknarnefnd flugslysa
Húsi FBS-R
V/Flugvallarveg
Reykjavíkflugvelli
101 Reykjavík

Sími á skrifstofutíma	5111666
Bréfsími	5111667
Netfang	aaib@falcon.is

Rannsóknarnefnd flugslysa hefur heimasíðu á netinu.

Slóð heimasíðu RNF á netinu er **<http://www.aaib-is.com>**

Á heimasíðunni er m.a. að finna lög og reglugerðir sem varða nefndina og starf hennar, svo og eyðublað fyrir tilkynningar og skýrslur, sem þeir sem þess þurfa með geta sótt þangað, fyllt út og sent nefndinni í pósti eða í tölvupósti.

Á heimasíðunni verður einnig meginhluti ársskýrslu nefndarinnar hverju sinni.


Einnig geta menn síðar sótt þangað skýrslur nefndarinnar.

Skrifstofutími Rannsóknarnefndar flugslysa er frá kl. 08:00 til kl. 16:00 virka daga.

Utan skrifstofutíma, eða um helgar og á almennum frídögum, er annar tveggja fastra starfsmanna nefndarinnar ætíð til taks á bakvakt.

Nánari upplýsingar um það liggja fyrir á hverjum tíma hjá varðstjóra flugstjórnarmiðstöðvarinnar á Reykjavíkurflugvelli í síma **5694141**.


Skúli Jón Sigurðarson – farsími/talhölf: **8530797** netfang: **skulijon@falcon.is**
handsími: **8930797**
Þorsteinn Þorsteinsson – farsími/talhölf: **8547697** netfang: **thorsteinn@falcon.is**





Kafli 9

Flugstöð og flugturn



SAUDÁRKTRÓKUR 2001

Yfirlit flugslysaeðingarinnar.

Stöðumat úr flugturni og flugafgreiðslu.

Útkallið:

Klukkar 14:11 Venjubundin samskipti milli flugumsjónarmanns Isl.flugs og turns:
“5 mínútur í landingu , það er full vél og einn á prikinu”.

1417 Radíómaður sér reyk og eld sunnan við brautina og tilkynnir brotlendingu.
ATR42 , 50 manns um borð, sést illa til þar sem 2 km eru frá turni að slysstað.

Æfingin var keyrð í um 50 mínútur, en á þeim tíma gekk allt snurulaust í turninum. Turnmaður 1 fór strax út á flugvallarenda til að slökkva elda, en turnmaður 2 lét afgreiðslufólk í flugafgreiðslu vita um slysið og fékk upplýsingar um áætlaðan farþegafjölda, hafði síðan samband við Neyðarlínu. Hann fór síðan með búnað á slysavettvang **kl.14:20**. Eftir það fóru viðbragsaðilar í gang og fyrstur kom á vettvang slökkviliisstjórinn **kl.14:22** og síðan lögregla **kl.14:25**.

Öll samskipti voru með eðlilegum hætti í fjarskiptum, það sem heyrðist í flugturni.

Í flugafgreiðslu var lítið sem ekkert álag en starfsfólk þar sinnti sínum störfum af mikilli kostgæfni í símsvörun, tilkynningum til viðstaddra og þeirra sem léku aðstandendur á staðnum. Það er miður að ekki var meira álag sett á starfsfólkið í flugafgreiðslu, þar sem það hefði getað skilað mun meiru í þeim eignum.

Ekki reyndi á neina aðra þætti en útkallið, áður en æfingin var stöðvuð, utan örfárra sjúklinga sem höfðu verið fluttir í greiningastöðina.

Eins og upphaf æfingarinnar var keyrt af stað, má ætla að æfingin hefði gengið verulega vel fyrir sig, ef ekki hefði komið til þess sorglega atburðar sem raun varð á.

Jónas Hallsson,

Egill Þórðsrson

Flugslysaæfingin Sauðárkrókur 2001.

Eftirfarandi er bókun á því sem sást við flugstöð og heyrðist í fjarskiptum í flugturni meðan á æfingunni stóð.

Kl.	
14:12	Kallar afgreiðslumaður Íslandsflugs í radíómann (Turnmann-1) í turni og spyr hve langt sé í landingu. Svar: 5 mínútur. Radíómaður spyr hve margir séu um borð. Svar: Full vél og einn á prikinu.
14:12	Fjarskiptaprófun: Hópur-1 í sambandi. Hópur-2 í sambandi. Hópur-3 í sambandi. Hópur-4 í sambandi. Hópur-5 í sambandi. Hópur-6 í sambandi. Hópur-7 í sambandi. Hópur-8 í sambandi. Hópur-9 í sambandi. Hópur-10 í sambandi Hópur-11 í sambandi. Hópur-12 í sambandi.
14:15	Fjarskiptaprófun lokið, H.S. gefur fyrirmæli um að kveikja upp.
14:17	Turnmaður #1 sér sér elda og reyk við syðri flugbrautarenda. Turnmaður #1 hringir og tilkynnir brotlendingu ATR42 sunnan við flugbrautarenda og það séu 50 manns um borð. Erfitt sé að lýsa aðstæðum vegna þess að brautarendinn sé 2 km frá flugturni.
14:18	Mikill reykur berst til himins, H.S. segir Turnm.-2 að fara af stað.
14:20	Brautarbíll kominn út á braut.
14:20	Turnm.-1 yfirgefur turninn. Enginn starfsmaður í tuninum. Síminn hringir 1420 - 1421.
14:21	Sími hringir stutt tvisvar sinnum.
14:22	Heyrist Sjúkrahúsið hafa samband við vettvangsstjóra og tilkynna að sjúkrabíll með lækni og hjúkrunarfræðingi sé farinn af stað.
14:23	Slökkviliðsstjóri kemur á flugvöll á rauðum fólksbíl, heldur út á braut.
14:24	Vettvangsstjóri kallar í turn og í því kemur afgreiðslumaðu Íslandsflugs upp stigann og svarar honum.
14:25	Lögreglubíll og blár fólksbíl koma á flugvöll og halda út á braut.
14:26	Heyrist að Neyðarlínan sé búin að tilkynna um slysið til lögreglu, slökkviliðs og fleiri.
14:26	Sjúkrabíll og fólksbíll halda út á braut. Land-Rover frá Bj.sv. Grettis kominn á braut.
14:27	Tankbíll og dælubíll slökkviliðsins komnir á braut.
14:29	Afgreiðslumaður Íslandsflugs kemur aftur í turn, Turnmaður #1 ekki í turni.
14:30	Heyrt að vettvangsstjóri tilkynnir aðgerðarstjórn að 50 manns séu um borð, miklir eldar, fá allt tiltækt lið.

14:30	Afgreiðslumaður Íslandsflugs tilkynnir vettvangsstjóra að þau hafi misst 2 óviðkomandi menn út á braut.
14:31	Lögreglubíll og fólksbíll komnir á braut.
14:31	Sjúkrabíll, tækjabíll slökkviliðsins og sendiferðabíll komnir á braut.
14:33	Bíll frá bj.sv. Gretti kemur af braut.
14:33	Heyrt að hjúkrunarfræðingur á Hofsósi hafi verið kallaður út.
14:33	(Það er trúlega um þetta leiti sem Turnmaður-#1 kemur aftur í vinnustöðu í turni, mér láðist að bóka það, en áætla þetta eftir minni um atburðarás)
14:35	Bíll frá bj.sv.Gretti fer aftur út á braut.
14:35	Subaru lögreglubíll kemur af braut og fer út á braut aftur.
14:36	Sjúkrabíll fer frá geiningarstöð út á braut.
14:37	Bj.sv. jeppi, Krókur-2 og frambyggður bj.sv.rússajeppi K-110 koma að flugstöð.
14:40	Ural trukkan bj.sv. kemur að flugstöð. Ural trukkan og frambyggði rússajepinn K-110 fara út á braut.
14:41	Heyrt að vettvangsstjóri tilkynir stjórnandi lækni að 50 manns hafi verið um borð, vélín sé í tætlum og þetta sé mikið slys.
14:42	Bíll með kerru frá FBS í Varmahlíð fer út á braut. Vettvangsstjóri heyrir spyrja hvort eiturefni hafi verið um borð í vélinni.
14:43	Stjórnandi læknir heyrir kalla aðgerðarstjórn en fær ekki svar.
14:43	Stjórnandi læknir nær sambandi við aðgerðarstjórn, kemur áfram upplýsingum frá kl. 1441 og biður um <u>loftbrú</u> .
14:44	Stjórnandi læknir heyrir spyrja Sjúkrahúsið um hve mikið sjúkrapláss sé þar. Málið verður athugað.
14:45	Heyrist aðgerðarstjórn spyrja vettvangsstjóra um stöðu bíla á vettvangi. Heyrt svarað: 2 bílar, 1 bátur og 15 menn frá Skagfirðingasveit. 1 bíll og 12 menn frá Varmahlíð.
14:47	2 hvítir og 1 rauður "station" fólksbílar fara á braut.
14:48	Heyrist vettvangsstjóri tilkynna að eiturefni séu í vélinni og biður um eiturefnabíl og mannskap í viðeigandi búningum.
14:49	Heyrist læknir á Sjúkrahúsinu tilkynna stjórnandi lækni að 8 páss séu laus á sjúkrahúsinu og 4 verði tiltæk. stj. læknir biður um að athugað verði með pláss á Akureyri og í Reykjavík.
14:49	Sjúkrabíll frá Hofsósi kemur að greiningarsvæði.
14:50	Heyrt tilkynnt að þurrklór HCL sé í vélinni.
14:51	Heyrt frá greiningarsveitinni að þeir biðja um 30 poka af blóði með flugvélinni sem komi að sunnan.
14:52	Bíll frá bj.sv. Gretti fer á braut.
14:53	Grár Toyota Hilux jeppi fer á braut.
14:54	Heyrt að tilkynnt er um, 5 mikið slasaða og 13 minna slasaða á slysstað.
14:54	Subaru lögreglubíll kemur af braut.
14:57	Rauður Izusu jeppi fer á braut.
14:58	Afgreiðslukona frá Íslandsflugi heyrir tilkynna um að 40 lítrar af sterkri sýru séu um borð í vélinni.
15:00	Bj.sv. bíll Krókur-2 kemur af braut.
15:00	Stjórnandi læknir heyrir óska eftir 4 sérmenntuðum læknum og sérmenntuðum hjúkrunarfræðingum auk barnalæknis með stærstu vélinni sem komi norður.
15:04	Heyrt á TETRA: Hallgrímur Sig. og Árni í flugstjórn tala um að vélar Landhelgisgæslunnar TF-SYN og TF-LIF séu reiðubúnar í Reykjavík.

15:05	Tilkynnir afgreiðslumaður Íslandsflugs turnmanni-#1 að það sé saltsýra í vélinni.
15:06	Sjúkrabíll og bj.sv. bíll Krókur-2 koma af braut og að greiningarsvæði með fyrstu sjúklingana.
15:07	Hvítur sendiferðabíll með blá ljós kemur á braut.
15:08	Heyrist vettvangsstjóri tilkynna um ómerkta rauðan kassa ásvæðinu.
15:08	Heyrist sagt: <i>NO PLAY, raunverulegt slys á æfingunni.</i>
15:09	Kallar Hallgrímur Sigurðsson og tilkynnir að æfingin sé stöðvuð.
15:09	Heyrist vettvangsstjóri tilkynna um hjartaáfall og að HLÉ VERÐI Á ÆFINGUNNI.
15:11	Heyrist vettvangsstjóri tilkynna aftur um hjartaáfall.
15:28	Sjúkrabíll með blikkandi ljósum kemur af braut með hjartasjúklinginn.
15:42	Turnm.-1 og vettvangsstjóri rýma braut til að hleypa TF-FMS í loftið.

Flugslysæfingin “Sauðárkrókur 2001”.

Hugleiðing um loftflutninga vegna fjöldaslyss.

Þetta er fyrsta flugslysæfing sem ég tek þátt í, hjá FMS, og var ég ásamt Kristjání Torfasyni skipaður í hóp flugvallarstarfsmanna, undir forystu Jónasar Hallssonar frá Lögreglunni í Reykjavík.

Í starfi mínu sem varðstjóri á stjórnstöð Landhelgisgæslunnar hafði ég hinsvegar fengið það verkefni að “leika” hlutverk LHG bæði í Egilsstaða- og Hornafjarðaræfingunum. Þetta hlutverk var í því fólgið að mæta þörfum um flutning vegna slysanna með flugkosti stofnunarinnar. Þó stofnunin útvegaði einungis “pappírsvélar” og einungis stjórnstöðinni væri ætlað að taka þátt, þá voru kallaðir til ráðgjafar, flugvirki og flugstjóri sem áætluðu af mestu samvirkusemi hvern tíma tæki að breyta vélunum, þ.e. TF-LIF og TF-SYN til að mæta þeim misjöfnu þörfum sem komu fram í beiðnunum á ýmsum stigum úrvinnslu úr “slysunum”. Auk þess sem við gerðum raunhæfar flugáætlanir miðað við það veður sem var, og þar með raunhæfan flugtíma. Þar að auki var haft samband við alla þá menn sem á þyrfti að halda til að manna Fokkervélina TF-SYN. Þeir fengu eftirfarandi spurningu: “Það er í gangi flugslysæfing, gætir þú farið í flug núna ef ef þess þyrfti?” Þannig var unnin öll venjuleg vinna sem unnin er á stjórnstöðinni við þessar aðstæður. Á þann hátt aflaðist marktæk reynsla í þessum tveim æfingum, til viðbótar við reynsluna sem Guðni Skúlason varðstjóri aflað sér úr Ísafjarðaræfingunni.

Það kom í ljós að mat á þörf fyrir utanhéraðsaðstoð getur breyst verulega eftir því sem vinnu við slysið miðar áfram. Þar með getur breyst þörfin á því hvaða flugvélar á að nota, hvernig þær eiga að vera útbúnar og hvaða mannaflí á að fara með þeim. Mér virtist þetta skiptast í 3 megin stig hvað LHG varðaði og má draga nokkurn lærdóm af því.

1. Stig, beiðni um þyrllu vegna flugslyss, með venjulegri útkallsáhöfn, þ.e. tveim flugmönnum, siglingafræðingi, flugvirkja og lækni .
2. Stig, beiðni um þyrllu með greiningarsveit, þ.e. einungis útbúin með sætum og lágmarks áhöfn.
3. Stig, beiðni um þyrllu eða flugvél til að flytja fjölda slasaðra, þ.e. án sæta, en full af festanlegum sjúkrahöfum, óráðið var með fjölda hjúkrunarfólks til að sinna sjúklingum á flugi og fjölda sæta fyrir þetta fólk.

Í Egilsstaðaæfingunni var farið í gegn um öll þessi 3 stig á um tveimur og hálfri eða þrem klukkustundum, ef ég man rétt. Ég brást hvorki við 1. né 2. stigs beiðninni þar sem hvorug þeirra kom frá Sýslumanni eða Stjórnstöð Almannavarna Ríkisins, heldur manni sem ég vissi að vann að undirbúningi æfingarinnar, en gengdi ekki ábyrgu stjórnunarhlutverki í héraði. Báðar þessar beiðnir reyndust óþarfar þegar 3. stigs beiðnin, um flutning á fjölda slasaðra, kom frá Sýslumanni (þ.e. því sem kallað er aðgerðastjórn í æfingunni “Sauðárkrókur 2001”).

Í Hornafjarðaræfingunni komu hinsvegar allar beiðnir frá stjórnstöð Almannavarna Ríkisins og var þá enginn vafi á, að um samræmdar aðgerðir og úrvinnslu á þörfinni væri að ræða, framkvæmdar af þeim aðila sem það hlutverk er ætlað samkvæmt lögum. Við vorum tilbúnir að senda Fokkervélina og gátum fyrirvaralaust farið í að

breyta henni ef á hefði þurft að halda. Áætluðum hversu langan tíma það tæki að koma vélinni í loftið, útbúinni fyrir þau verkefni sem til umræðu voru hverju sinni.

Það er mikilsvert að menn séu meðvitaðir um valdsvið og skyldur Sýslumanna/Lögreglustjóra og Almannavarna Ríkisins samkvæmt Lögreglulögum og lögum um Almannavarnir, sérstaklega þegar um stórslys er að ræða.

Það þurfti að takast á við svipaða hluti í Hornafjarðaræfingunni og í Egilsstaðaæfingunni þ.e. að þörfin var að breytast og ekki var sjálfgefið í fyrstu hvaða þörf nákvæmlega þurfi að svara, en úrvinnslan var öll markvissari og þar með skilvirkari en í Egilsstaðaæfingunni .

Hefði verið brugðist við beiðnum 1. og 2. stigs í Egilsstaðaæfingunni, hefði TF-LIF flogið langleiðina til Egilsstaða , verið snúið við og verið um það bil að lenda í Reykjavík þegar 3. stigs beiðnin kom frá Sýslumanni. Fyrir utan það að eyða miklum fjármunum til einskis hefði farið dýrmætur tími og starfsorka til spillis, nokkuð sem er afar dýrmætt á stundum sem þessum.

Það er vandasamt starf að greina fjölda sjúlinga á slysavettvangi og setja fram flutningsbeiðnir, því það þarf að tryggja sjúkrahúsvist, síðan að finna flutningatæki, útbúa þau rétt með heppilegum fjölda af börum sem hægt er að festa í flugvélar og heppilegum fjölda sæta fyrir hjúkrunarfólk sem fylgir, auk þess að útvega börur og hjúkrunarfólk, afla upplýsinga um flugveður landingarhæfi flugvallar og fjölda margt fleira.

Þegar slíkt ástand skapast þarf allt ferlið að falla í sama farveg. Öll keðjan frá vettvangi og greiningarstöð gegn um sjúkrahúsin, Sýslumann/Lögreglustjóra, Almannavarnir Ríkisins, flugrekstraraðila, flugstjórnarmiðstöð, flugturn og aftur til Sýslumanns, sjúkrahúsa og vettvangs, þarf að geta þróast í takt við það hvernig þarfir þróast meðan á úrvinnslu úr slysinu stendur. Því er nauðsynlegt að boðleiðir séu afdráttarlaugar og að allir virði þær boðleiðir sem löggjafinn hefir séð okkur fyrir, og sannað hafa gildi sitt.

Þegar um slys eins eða tveggja einstaklinga er að ræða eru viðbrögðin venjulega skjót og markviss, enda er umfangið innan þeirrar afkastagetu sem hinir venjulegu viðbragðsaðilar búa yfir. En þegar fjöldaslys verður getur umfangið orðið langt umfram afkastagetu þessara aðila. Þá er það á vald- og ábyrgðarsviði Sýslumanns/Lögreglustjóra hvort hann virkjar almannavarnarkerfið í héraði og biðji þá um að stjórnstöð Almannavarna Ríkisins sé virkjuð. Það liggur í hlutarins eðli, að vænta má að viðbrögðin geti orðið eitthvað seinni en þegar einn eða fáir slasast, en hér er mikið afl virkjað og allt sem hentar og til er í landinu getur laggst á eitt við úrlausn málsins.

Á föstudagsmorguninn fyrir æfinguna “Sauðárkrókur 2001” kom í ljós að undirbúningur að hugsanlegum brottflutningi slasaðra úr héraði með flugi var skammt á veg kominn. Á hópstjórafundum kl. 1300 þann dag var ákveðið að æft skyldi að láta “pappísflugvélar” lenda á Sauðárkróksflugvelli og taka sjúklinga til flutnings brott úr héraði. Svo langt hafa menn ekki gengið áður í þessum æfingum, heldur látið nægja að áætla flugtakstíma flugvéla frá Reykjavík.

Ég hafði þá nýverið verið skipaður stjórnandi undirhóps undir Hóp-5 til að sjá um að koma þessum æfingarþætti í gang. Forsendur mínar voru auk ofanritaðs, eftirfarandi:

Greining sjúklinga, mat á flutningsþörf, forgangi og ákvörðunarstað er framkvæmd af geiningarstöð á vettvangi, sjúkrahúsi og aðgerðarstjórn Sýslumanns. Flutningsþörf, forgangsröðun og flutningsbeiðni er sent rétta boðleið frá aðgerðarstjórn Sýslumanns til stjórnstöðvar Almannavarna Ríkisins. Stjórnstöð AVRÍK aflar flugvéla til að sinna þörfinni og úthlutar þeim verkefni. Flugrekstraraðilinn bregst við þörfinni, gerir viðkomandi flugvél klára og leggur inn flugáætlun hjá flugstjórnarmiðstöðinni. Flugstjórnarmiðstöðin afhendir síðan turninum á Sauðárkróki vélina á venjubundinn hátt. Almannavarnir Ríkisins upplýsi eins og venja er aðgerðarstórn Sýslumanns um hvaða vél komi til að leysa hvert verkefni um sig.

Þar sem flugbrautin á Sauðárkróki var jafnframt akstursleið bíla að og frá slysavettvangi var úrslitaatriði að turnmaðurinn væri í öruggu fjarskiptasambandi við vettvangsstjóra og að vettvangsstjóri hefði fullt og óskorað vald yfir því fólki sem væri að vinna á brautinni. Fenginn yrði “hleðslustjóri” til að “hlaða” vélina og hann tilkynni turnmanni þegar “vélin” óskaði akstursheimildar, því það er jú enginn flugmaður á “pappírsvélinni”. Þá hafi turnmaður aftur samband við vettvangsstjóra sem tryggir auða braut. “Vélin” fari í loftið aftur og hverfi út úr æfinunni. Með því að fella sjálfa flugumferðarstjórnina og “pappírsvélarnar” inn í æfinguna féngist vinnuferli í turni og á vettvangi sem líktist sem mest raunverulegum kringunstæðum

Ég fékk með mér í hópinn Lt. Phil Kent frá Varnarliðinu sem kom norður góðu heilli, og Sigurð Frostason flugradíómann. Okkar verkefni var að blása lífi í “pappírflugvélar” sem “fljuga” myndu í æfingunni. Þetta reyndist vel, Varnarliðið tók fullan þátt í æfingunni og var að lokum tilbúið með 3 HH-60 þyrlur ef á þyrfti að halda og hefðu getað sent P-3 Orion norður með lækna, hjúkrunarfólk og blóðvökva, sem stóð AVRÍK til boða eins og þyrta og Fokkervél LHG ásamt sjúkravélunum og e.t.v. fleiri vélum. Sigurður útvegaði okkur “hleðslumann” og aðstöðu fyrir “sjúklinga”.

Haft var samband við Hafþór Jónsson, sviðsstjóra hjá AVRÍK, Guðna Skúlason, varðstjóra á stjórnstöð LHG og einnig við Braga og Árna varðstjóra í flugstjórnarmiðstöðinni. Ég skýrði út fyrir þeim þá hugmynd að nota “pappírflugvélar” til brottflutnings slasaðra og að það þyrfti að vinna alla vinnu eins raunverulega og kostur væri hvað tímasetningar varðar, byggt á þeim upplýsingum sem fyrir liggja hverju sini, meðan á æfingunni stæði. Eins legði ég áherslu á að turnmaðurinn fengi að vinna við sem eðlilegastar aðstæður, sem þýddi að flugstjórn héldi venjubundnu upplýsingaflæði til hans og hann fengi “vélin” á eðlilegan hátt til að hægt væri að loka brautinni eins og um raunverulega lendingu væri að ræða.

Ekki reyndi á þennan þátt í æfingunni vegna þess sorglega atburðar sem varð. Ég er ekki sannfærður um að æfing á brottflutningi slasaðra með flugi hefði gengið eins vel og þeir hlutar æfingarinnar sem unnir voru, þar sem menn eru ekki vanir því að halda “lífi” í “pappírflugvélum” í gegn um allan ferilinn. Að auki eru svo uppi mismunandi skoðanir á því hver sá ferill á að vera. Því er ekki víst að tekist hefði að undibúa alla þá aðila sem að lokum hefðu komið að þessum “flutningum”. Því tel ég við hæfi að

fara ofaní þetta ferli eins og því er lýst hér að framan og fylgja því eftir uppá framtíðina.

Virðingarfyllst:

Egill Þórðarson.

Aðgerðalisti.

Stöðvarstjóri.

1. Upplýsingar berast frá flugturni um flugslys.
2. Tilkynnir viðsöddum í biðsal um að óhapp hafi orðið og búið sé að kalla út björgunarlið. Kannar um leið hvort hugsanlegir hjálparliðar séu í biðsal.
3. Tryggja að fólk í biðsal fari ekki inná flugbraut eða slysavettvang,(virkja ábyrga aðila meðal farþega til aðstoðar).
4. Hringja í flugumsjón Rek og gera grein fyrir ástandi 570 8082.
5. Hringja í Rauða krossin og óska eftir aðstoð . 896 8416, 854 7480.
6. Sjá um tilkynningar í kallkerfi skv. áætlun, sinna aðstandendum í biðsal.
7. Hafa yfirsýn yfir sem flesta þætti í flugstöð og vera n.k. vettvangsstjóra þar, sjá um samskipti við lögreglu, björgunarsveitir og Rauða krossin.
8. Upplýsa vettvangsstjórn um fjölda farþega og áhöfn.
9. Faxa farþega- og áhafnarlista í Fjöldahjálparstöð Fax: 453 6794, Sími:453 6400.

Afgreiðslumaður.

1. Tryggja ásamt stöðvarstjóra ástand í biðsal.
2. Hringja út aukalið - starfsfólk á frívakt.
3. Ef aðeins einn flugmálastjórnarmaður er á vakt þá hringir starfsmaður flugafgreiðslu út flugmálastjórnarmann á frívakt og tilkynnir slysið til flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík sími 569 4141
4. Hringja eftir staðfestum farþegalista úr Reykjavík, 570 3541
5. Hringja eftir upplýsingum um innihald fraktsendinga 570 3400
6. Svvara símanum og aðstoða eftir þörfum.

Frívakt mætir.

1. Leysir stöðvarstjóra af í biðsal og starfar þar ásamt afgreiðslumanni og RKÍ liði.
2. Sinnir símsvörum eftir þörfum og öðrum störfum sem til falla.

Sauðárkróki 28. Apríl 2001

Fréttatilkynning frá Íslandsflugi

Kl. 14:45

Um kl. 14:00 í dag hlekkist á flugvél frá Íslandsflugi í aðflugi að Sauðárkróksflugvelli.

Um borð voru 47 farþegar og 3ja manna áhöfn. Óljóst er á þessari stundu um afdrif þeirra, en þó er ljóst að um alvarlegt flugslys er að ræða.

Almannavarnarnefnd Skagafjarðar hefur komið saman og fjölmennt björgunarlið er að störfum á vettvangi.

Ný fréttatilkynning verður gefin út um kl. 15:30.

Sauðárkróki 28. Apríl 2001


Fréttatilkynning frá Íslandsflugi

Kl. 15:30

Nú er ljóst að flugslysið á Sauðárkróksflugvöll var mjög alvarlegt. Umfangsmiklar björgunaraðgerðir standa nú yfir og er unnið eftir hópslysaáætlun almannavarna ríkisins.

Komið hefur verið upp fjöldahjálparstöð og á vetvangi vinna slökkvulið, lögregla, björgunnarsveitir, Rauði kross Íslands, Flugmálastjórn og starfsfólk Íslandsflugs. Aðstoð hefur einnig borist loftleiðis frá Akureyri og Reykjavík.


Nýjar upplýsingar verða birtar um leið og þær berast.





Kafli 9

Björgunarsveitir



Undirbúningur

Fræðsla almennt til björgunarsveita

Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur á boðstólnum ýmis námskeið sem farið er með til björgunarsveita, námskeið þessi miðast að því að gera björgunarsveitarmenn hæfari til þess að takast á við þau verkefni sem að þeir geta þurft að leysa í sínu starfi. Skólinn er framsýnn og ný námskeið eru ávalt að lýta dagsins ljós ásamt því að eldri námskeið eru endurskoðuð og bætt.

Fyrir æfinguna var haft samband við björgunarsveitir á svæðinu, hugur þeirra til æfingarinnar kannaður og fjöldi þáttakenda í æfingunni áætlaður. Í þessari æfingu tóku þátt yfir 50 manns frá björgunarsveitum SL. Þær björgunarsveitir sem að tóku þátt voru Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð, Skagfirðingasveit og Björgunarsveitin Grettir Hofsósi. Fljótlega kom í ljós að hlutverk manna voru ekki nógu skýr og framgangur æfingar að þessu tagi vakti upp ákveðnar spurningar hjá björgunarsveitunum sérstaklega fannst mönnum þeir ekki hafa nógu ákveðin hlutverk í þessa tvo daga sem aðal undirbúningurinn fór fram.

Vinnuhópar og vinnuplanið

Æfingin er skrifuð fyrir atvinnumennina og dagskrá æfingarinnar er í samræmi við það, fáir björgunarsveitarmenn geta hlaupið frá vinnu í tvo daga til að mæta í vinnuhópa. Félagið hefur tekið þá ákvörðun út frá þessu að skipa í vinnuhópana starfsmenn félagsins. Þeir hópar sem að við höfum áhuga á að vera í eru:

- Aðgerðarstjórn
- Vettvangsstjórn
- Áfallahjálp
- Heilbrigðisþjónusta
- (Fjarskipti)
- Fjölmiðlar
- Störf björgunarsveita

Þeir starfsmenn sem sitja í þessum hópum afla upplýsinga sem síðan verði komið áfram til björgunarsveitarmanna á kvöld

fyrirlestrum. Til að þetta sé hægt verður að skrifa dagskrá æfingarinnar í samræmi við þetta, við minnum á að björgunarsveitarmenn eru stór hópur af þeim sem taka þátt æðessum æfingunum og það er sjálfsgöð kurteisi að taka mið af því þegar dagskrá æfingarinnar er skrifuð. Rétt er að taka fram að björgunarsveitarmönnum er að sjálfsgöðu frjálst að taka þátt í hópastarfinu ef þeir hafa tíma.

Æfingin

Boðun

Björgunarsveitarmenn söfnuðust saman í Sveinsbúð fyrir æfinguna síðan var beði eftir boðun, þegar hún kom var það til fárra manna, boð voru að berast til björgunarsveitarmanna næstu klukkustundirnar og hefur það komið ljós að það var vegna bilunar hjá Símanum. Þrátt fyrir þessa bilun var farið af stað þegar fyrstu menn fengu boð, í þessari röð – Skagfirðingasveit – FBS Varmahlíð – Björgunarsveitin Grettir Hofsósi.

Hlutverk Björgunarsveitanna

Skagfirðinga sveit:

- Greiningarstöð og aðstoð á greiningarstöð, það fóru 5 menn í það
- Skráning í greiningarstöð 1 maður
- Stjórnandi á flutningum og biðsvæði 1 maður
- Leit og björgun, 10 manns fóru í það verkefni þar af 3 á bátinn
- Flutningur 3 bílar bílstjórar og fyrstuhjálparmenn

Flugbjörgunarsveitin í Varmahlíð

- Leit og björgun 12 manns
- Flutningur Slasaðra 1 bíll, bílstjóri og fyrstuhjálparmaður

Björgunarsveitin Grettir Hofsósi

- Leit og björgun 7 þar af 3 á bát
- Einn bíll í flutning á slösuðum bílstjóri og fyrstuhjálparmaður

Gangur æfingarinnar


Björgunarsveitir voru ekki í vinnu á slysstað í lengur en 30 mín áður en að æfingin var stöðvuð og stóðu þær sig vel fram að þeim tíma. Nokkrir hlutir tókum við þó eftir að hefðu mátt betur fara:

- Frumgreining læknis gekk hægt spurning hvort hann hafi ekki þurft að fá aðstoð við þá greiningu, t.d hjá slökkviliðsmönnum
- Björgunarmenn dreifðu sér full mikið og langt var á milli manna og erfitt að fá böruburð vegna þess að ekki var búið að forgangsraða
- Grænir sjúklingar þvældust fyrir og tóku pláss í björgunarsveitar bíl sem hefði verið hægt að nota í flutning á meira slösuðum
- Grettir og FBS Varmahlíð eiga hrós skilið fyrir að vera vel merktir á slysstað
- Bátamenn unnu skipulega að sínu verkefni.
- Uppsetning greiningastöðvar var til fyrirmyndar.

Alvara

Við þurfum að hafa heilsteyptara kerfi til að bregðast við ef þáttakandi í æfingunni verður fyrir slysi, þeir sem eru stjórnendurnir á æfingunni eru ekki endilega hæfastir til að stjórna áfram, kannski of tengdir þeim sem að lendar “alvörunni”

Friðfinnur Freyr Guðmundsson
Slysavarnarfélagið Landsbjörg





Kafli 10

Önnur fylgiskjöl



Skýrsla Odds Eiríkssonar slökkviliðsmanns/sjúkraflutningasmanns í Reykjavík, sem stýrði hópi 8, vegna hópslysaæfingarinnar á Sauðárkróki 2001

Í heildina fannst mér undirbúningur og byrjun æfingarinnar ganga vel fyrir sig. Góður undirbúningur heimamanna skilaði sér vel í byrjun æfingarinnar og er ég ekki í vafa um að það hefði haldist allt til enda.

Hlutverk mitt fyrir æfinguna var að hafa samskipti við sjálfboðaliða. Jafnframt því að sjá til þess að einhverjir sjúklingar yrðu til staðar þegar æfingin var keyrð. Auk þess starfaði ég með hópi 3 að fræðslumálum þar sem m.a. heilbrigðisstarfsfólk var æft í að forgangsraða sjúklingum.

Tengiliður minn á Sauðárkróki var Björn Mikaelsson sem er yfirlögregluþjónn á staðnum. Björn hafði unnið að því að fá leikendur til þess að taka þátt í æfingunni. Hans mikla vinna og nákvæmni að hætti lögreglunnar nýttist vel fyrir æfinguna, meðan á henni stóð og eftir að henni lauk. Tómas Árdal tók síðar við hlutverki Björns þegar komið var að æfingunni sjálfri. Tómas hafði samband við alla sjúklinga kvöldið fyrir æfinguna og undirbjó þau fyrir hlutverkið daginn eftir. Auk þess sá Tómas um að leysa hin ýmsu verkefni sem ekki var hægt að sjá fyrir í undirbúningnum.

Sminkhópnum hitti ég í Fjölbrautarskólanum á föstudagskvöldinu. Þar hélt ég námskeið fyrir þær konur sem hjálpuðu við að sminka sjúklingana, um uppbyggingu gervisár og eftirlíkingum áverka. Einnig var farið yfir áverkalýsingar og hvernig skipulag laugardagsins yrði. Ég hitti þær síðan um klukkan 10:00 á laugardagsmorgninum í Fjölbrautarskólanum þar sem sminkunin fór fram. Fөрðunarhópurinn lauk störfum um klukkan 13:00.

Tveir úr sminkhópnum ásamt einum sjálfboðaliða höfðu síðan það hlutverk að gera könnun í lok æfingarinnar. Ég hafði ætlað

þeim að spyrja sjúklinga hvernig meðferðin hefði verið. En þar sem þessi óvænti atburður gerðist þá varð ekkert úr þeirri könnun.

Ákveðið var að koma með annað slys ofan í flugslysið þar sem bíll átti að hafa lent á brúarstólpa. Þannig að slysavettvangarnir áttu að vera tveir.

Tilvonandi sjúklingum var síðan komið fyrir á slysavettvangi og æfingin sett í gang.

Eftir að æfingin var byrjuð þá fór ég með sminkdótið á söfnunarsvæði slasaðra til þess að laga áverka sjúklingana ef á þyrfti að halda. Til þess kom þó ekki.

Það voru níu aðilar sem störfuðu í hópnum þann dag sem æfingin var keyrð. Þar sem þetta flugslys var heldur stærra en fyrri slys þá þurfti allan þennan mannskap til þess aðhlutirnir gætu gengið upp.

Eftir að æfingin var stöðvuð þá starfaði ég með áfallahjálparfólkinu við það veita sjúklingunum og okkur stuðning vegna áfallsins.

Flugslýsaæfingin á Sauðárkróki 28. apríl 2001.

Þetta eru punktar samanteknir af Ármanni P. og Birni G.

Kl. 14.14 er æfingunni startað (kveik upp)

Kl. 14.19 kemur slökkvbíll flugvallar á staðinn og hefur slökkvistarf með byssu það gekk fremur illa og virtist starfsmaður ekki vera meðvitaður um það, þegar honum var bent á að nota handlögn gekk honum mun betur en var þá búinn að eyða töluverðum slökkvívökva með litlum árangri.

Kl. 14.23 kemur annar starfsmaður flugvallar með kerru þar sem voru teppi og börur hann fer í að kanna ástand farþega sem liggja dreift um svæðið.

Kl. 14.25 kemur varðstjóri slökkviliðs Skagafjarðar á staðinn.

Kl. 14.30 eru báðir starfsmenn flugvallar komnir í slökkvistarf og gengur vel(vantar betri hlífðarbúnað eða hann ekki notaður).

Kl.14.31 fyrsti slökkvbíll á staðnum.

Kl.14.32 slökkvibílar 2 og 3 á staðnum.

Kl.14.34 slökkvilið Skagafjarðar hefur slökkvistarf, aðeins of mikill asi á mannskap, staðsetningar slökkvibíla ekki góð þarf að æfa betur, voru full nálægt hvor annari.

Kl.14.34 slökkvibíll flugvallar hættir

Kl.14.35 flugvallarstarfsmaður deilir út teppum

Kl.14.35 slökkvibílar 4 og 5 koma á staðinn

Kl.14.40 slökkvistarf langt komið

Kl.14.45 klippuvinna hefst

Kl.14.48 slökkvistarfi lokið

Kl.14.48 tekið eftir eiturefnum

Kl.14.59 reykköfun í gám hefst, vel gekk að bjarga þeim sem lifandi voru en reykkafarar fundu aðeins annað líkið áður en þeir urðu að skipta um kúta, til þess kom þó ekki þar sem tilkynnt var alvara og æfingin stoppuð.

Segja má að slökkvistarf hafi í grundvallaratriðum gengið vel, slökkvibílar komu fljótt á vettvang voru nokkuð vel skipulagðir og yfirstjórn þökkalega góð. Taka þarf á búnaði flugvallarstarfsmann varðandi eldgalla og meiri þjálfun, einnig þarf að meta

hvort ekki sé gert ráð fyrir lendingu of stórra fluvéla á vellinum miðað við slökkvmátt slökkvbíls.

Hópslysæfing á Sauðárkróki 2001

Fjölmiðlar og hópslys - samantekt

Fimmtudaginn 26. apríl flutti ég erindi um aðkomu fjölmiðla að hópslysum, og fylgir það erindi hér með. Í erindinu er bent á að betra er að vinna með fjölmiðlum en gegn þeim. Jafnframt var farið yfir þau viðbrögð sem eru mjög algeng hjá björgunaraðilum þegar fjölmiðlar nálgast þá á fyrstu mínútum og klukkustundum hópslysa.

Áður en æfingin sjálf fór fram á laugardeginum, heimsótti ég nokkra hópa og ræddi þessi mál. Ég tel að þessar ábendingar hafi skilað sér að nokkru en ekki að öllu leyti. Rætt hafði verið að hleypa skyldi fjölmiðlum eins fljótt sem næst vettangnum og mögulegt væri. Það er mín skoðun, sem þarf að sjálfsgöðu ekki að vera sú eina rétta, að ekkert eigi að hamla aðgang fjölmiðla annað en verndun vettvangsins og að fjölmiðlar trufla ekki mikilvæga björgun mannlífa.

Á æfingunni gerðust hlutirnir eins og þeir gætu mjög sennilega gerst í raunveruleikanum. Fréttamenn Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 voru komnir inn á vettvanginn um leið og slysið átti sér stað. Ákveðið var á síðustu stundu að þeir væru á vellinum þegar “slysið” átti sér stað. Lögreglan og aðir björgunaraðilar vissu hins vegar ekki af þessu. Fjölmiðlar frá Sauðárkróki, sem margir eru einnig fulltrúar landsfjölmiðla eins og Morgunblaðsins og DV, komu mjög fljótt að flugstöðinni. Þeim var meinað að fara inn fyrir girðingu, að ég tel í rúman hálf tíma. Mér er ekki kunnugt um að þeir sem vöktuðu girðinguna hafi reynt að hafa samband við vettvangsstjóra og óskað leyfis fyrir aðgangi fjölmiðla. Alla vega heyrði ég engin slík samskipti í gegnum Tetra-kerfið.

Þegar um 40 mínútur voru liðnar af æfingunni uppgötvaði lögreglan veru Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 á vettvangi. Fulltrúar Stöðvar 2 voru handteknir og færðir að flugstöðinni en fréttamenn RÚV uppgötvuðust skömmu síðar. Þegar þar var komið ákvæð ég að upplýsingafulltrúi FMS væri kominn á staðinn og hafði samband við vettvangsstjóra, lýsti aðstæðum og óskaði eftir leyfi frá honum fyrir veru fréttamanna á vettvangi. Einnig spurðist ég fyrir um aðra fréttamenn og fékk þær upplýsingar að þeim væri enn haldið utan girðingar og voru þeir orðnir frekar reiðir vegna þess. Þeim var þá einnig hleypt inn á vettvanginn. Um það leyti var æfingin hins vegar blásin af, eins og öllum er kunnugt.

Það var í raun mjög gott hvernig þetta allt fór fram. Fulltrúar fjölmiðla voru margir og léku sinn þátt vel þannig að úr því kom mjög góð æfing. Hins vegar er það mitt álit að það hefði miklu fyrr átt að hafa samband við vettvangsstjóra og skýra honum frá ósk fjölmiðla um að komast inn á vettvanginn. Það var líka gott að það “slysaðist þannig til” að fulltrúar RÚV og Stöðvar 2 voru inni á vettvangnum. Í raunveruleikanum hefðu þeir getað hafa verið staddir í flugstöðinni að bíða eftir flugi til Reykjavíkur þegar flugslysið átti sér stað, og þess vegna komist með fyrstu mönnum á vettvanginn.

Á sunnudeginum ræddi ég meðal annarra við Guðmund Guðjónsson frá lögreglunni í Reykjavík. Hann hafði orð á því að fara þyrfti yfir öll lög og reglugerðir sem snerta annars vegar hömlur sem setja má á fréttamenn á vettvangi og rétt fjölmiðla til að vera þar hins vegar. Eftir þá skoðun þyrfti svo að setja reglur í þessum efnum í samvinnu við fjölmiðla. Ég tek heilshugar undir þetta sjónarmið Guðmundar og tel að setja ætti þessa vinnu af stað nú þegar. Það geta verið margar ástæður fyrir því að þeir sem vöktuðu girðinguna höfðu ekki samband við vettvangsstjóra vegna fjölmiðlanna. Ein ástæðan gæti verið sú að mönnum þyki óskir fjölmiðlanna ekki mikilvægar í ljósi alvarleika málsins og menn hafi merkilegri hluti að gera en velta fyrir sér fjölmiðlum. Þetta er að vissu leyti rétt, en hins vegar getur þetta sjónarmið ekki ráðið ferðinni nema fyrstu mínúturnar. Menn trufla auðvitað vettvangsstjóran ekki í samskiptum sem varða björgunina, en það kemur alltaf auður tími til að bera þessi erindi upp.

Heimir Már Pétursson
upplýsingafulltrúi Flugmálastjórnar

Samskipti björgunarfólks við fjölmiðla

Þegar hópslys gerist er næsta víst að fyrstu upplýsingar um það berist fjölmiðlum á sama tíma og jafnvel fyrr en þær berast yfirvöldum og björgunarsveitum. Þetta getur gerst með ýmsum hætti eins og ég er viss um að margir hérna inni kannast við af fyrri reynslu. Vitni af slysum láta fjölmiðla mjög oft vita af þeim og svo hafa fjölmiðlar fjölbreyttar leiðir til að afla upplýsinga.

Það er því mjög sennilegt að þeir sem fást við björgunaraðgerðir verði fyrir áreiti fjölmiðlafólks frá fyrstu mínútum aðgerða og það áreiti vari á meðan aðgerðir standa yfir og jafnvel lengur. Áður en lengra er haldið er rétt að átta sig á starfsaðstæðum fréttá- og blaðamanna og þeim meginreglum sem þeir vinna eftir.

1. Siðareglur blaðamanna

Allir fréttá- og blaðamenn eiga að hafa kynnt sér og tileinkað siðareglur blaðamanna. Þar er kveðið á um hvernig skal haga öflun upplýsinga og hvernig skal með upplýsingarnar farið.

Blaðamönnum er brýnt að sýna nærgætni í viðkvæmum málum og svo framvegis. Virði menn þessar reglur í hvívetna er ólíklegt að birtar séu fréttir sem eru rangar eða gefa ranga mynd af því sem gerst hefur.

2. Fyrstur með fréttina

Starfsaðstæður fréttá- og blaðamanna eru mjög misjafnar allt eftir því hvort þeir vinna á dagblaði sem kemur út einu sinni á dag, sjónvarpi sem er með einn til þrjá fréttatíma á dag, útvarpi sem getur verið með 10 – 15 fréttatíma á dag eða netmiðill sem getur uppfært sig þegar honum sýnist. Allir eiga fréttá- og blaðamennirnir það hins vegar sameiginlegt að vilja vera fyrstir með fréttirnar.

Þegar um hörmulega atburði innanlands er að ræða, dregur úr þessum samkeppnishætti, en allir fjölmiðlar vilja engu að síður birta eins mikið af áræðanlegum upplýsingum eins fljótt og það er hægt. Þetta þýðir ekki að stjórnleysi ríki. Ein af vinnureglum

fjölmiðla er t.d. að birta ekki tiltekna viðkvæmar upplýsingar fyrr en lögregla eða prestur hefur staðfest að náðst hafi í ættingja og svo framvegis. En að uppfylltum tilteknum skilyrðum vilja fjölmiðlar birta upplýsingar strax.

3. Fyrstur með myndina / myndirnar

Dagblöð, netmiðlar og sjónvarp þurfa myndir með frásögnum sínum. Jafnvel þótt atburður sé hörmulegur – eru það myndirnar sem segja oft mest um það sem gerðist. Ljósmyndarar og kvikmyndatökumenn reyna því að komast á vettvang eins fljótt og auðið er og eru oft fyrstu fulltrúar fjölmiðla sem björgunarfólk á vettvangi verður vart við.

4. Fyrstur með viðtöl

Fjölmiðlar birta annars vegar frásagnir sem byggja á upplýsingum sem þeir hafa aflað sér og svo bein viðtöl við þá sem að málinu koma. Þar er átt við einstaklinga sem lentu í slysi og lifðu það af, björgunarfólk og vitni að atburðum. Fyrst eftir að stórslys hefur átt sér stað telja fjölmiðlar mikilvægast að eiga viðtöl við þá sem veitt geta haldbærar upplýsingar um það sem gerst hefur en eftir því sem frá líður sækjast þeir í viðtöl við þá sem lentu í slysinu sjálfu.

Á þessu sjáum við að allir þeir sem koma að stórslysi með einhverjum hætti verða fyrir margs konar áreiti fjölmiðla. Ástandið er að sjálfsögðu viðkvæmast á fyrstu mínútunum og klukkustundunum á meðan allir eru að átta sig á umfangi slyssins og björgunarfólk er upptekið að því að bjarga mannlífum. Engu að síður er mikilvægt að sinna fjölmiðlum og sjá til þess að þær litlu upplýsingar sem hægt er að gefa í upphafi, séu réttar þannig að ekki sé verið að valda óþarfa misskilningi eða ótta hjá almenningi.

Þegar stórslys gerast grípur um sig bæði harmur og reiði hjá þeim sem að koma. Aðstæður eru hins vegar þannig að menn halda þessum tilfinningum niðri vegna þess að það liggur á að bjarga þeim sem eru slasaðir. Þessar tilfinningar geta aftur á móti ýfst upp þegar fjölmiðlar koma með sínar spurningar og það kviknar á “hrægammaímyndinni” í huga fólks.

Hér er gott að muna að fjölmiðlafólk er líka bara fólk sem er að vinna vinnuna sína. Það er líka harmi slegið yfir atburðum en þarf á sama hátt og björgunarfólk að “fjarlægja” sig atburðunum til að geta unnið sína vinnu. Þótt fréttamaðurinn geti virkað þannig að hann sé að flýta sér og vilji fá allar upplýsingar strax og spurningarnar kunni jafnvel að virka

ónærgætnar, þýðir það ekki að fréttamaðurinn sé ekki sleginn yfir þeim atburðum sem hann er að afla upplýsinga um. En hér kemur reynsla blaða- og fréttamanna að sjálfsögðu líka við sögu. Reyndur blaða- og fréttamaður er vísari með að sýna nærgætni í orði og æði en óreyndur.

Stjórn á samskiptum á vettvangi

Eftir því sem aðstæður bjóða upp á er mikilvægt að skipa einn tengilið við fjölmiðla innan hópsins sem sér um aðgerðir á vettvangi. Almenna reglan væri þá sú að allir í hópnum vísa á þennan aðila og ekkert fer frá hópnum án þess að þessi aðili viti það. Það þýðir samt ekki að þessi aðili sé sá eini sem er í viðtölum, en hann stjórnar aðgangi fjölmiðla að björgunarfólki, lögreglu og öðrum á vettvangi eins og kostur er.

Þegar stórslys verða myndast ákveðinn “kaos-effekt” sem fyrirframgerðum björgunar- og viðbragðsáætlunum er að sjálfsögðu ætlað að draga úr. Inni í þetta ástand bætast fjölmiðlar, sem eins og áður sagði vilja fá áræðanlegar upplýsingar eins fljótt og hægt er og koma þeim út til almennings. Þess vegna er gott fyrir alla aðila að einhver einn hafi það hlutverk að sjá um fjölmiðla. Það er líka mjög mikilvægt að fjölmiðlafólk hafi það á tilfinningunni að það sé ekki verið að halda upplýsingum frá því sem öðrum hafa verið gefnar, eða yfirleitt verið að reyna að halda upplýsingum frá fjölmiðlum.

Besta leiðin til þess er að segja alltaf sannleikann. Ef eitthvað viðkvæmt kemur upp sem menn vilja ekki að verði í fjölmiðlum strax, er betra að segja það og biðja fjölmiðla um trúnað í tiltekinn tíma. Fjölmiðlar sem ástunda vönduð vinnubrögð virða alltaf slíkan trúnað. Ef menn vita ekki eitthvað sem spurt er um, er líka best að viðurkenna það, í stað þess að láta eins og viðkomandi vilji ekki gefa svarið.

Þegar fjölmiðlafólk mætir á slysavettvang væri gott að til væru samskiptareglur sem búið væri að móta í samráði við fjölmiðlana. Það ætti til að mynda að vera sjálfsagt að fjölmiðlamaður geti með einhverjum hætti, eins og framvísun blaðamannaskírteinis eða vinnustaðaskírteinis, sýnt fram á að hann starfi við fjölmiðil. Þá ætti að vera til merki sem hægt væri að merkja fjölmiðlamenn með, þannig að björgunarfólk þekki þá frá öðrum á vettvangi og viti hvenær er verið að tala við fulltrúa fjölmiðla.

Það sem blasir við á vettvangi þar sem stórslys hefur gerst er alltaf hryllilegt. Björgunarfólki kann að finnast óviðeigandi að hleypa myndatökumönnum fjölmiðla inn á vettvang af þeim sökum. Hér ber að

vekja athygli á að fjölmiðlar á Íslandi hafa allir sínar eigin reglur um birtingu mynda. Enginn fjölmiðlill á Íslandi hefur t.d. áhuga á að birta myndir af limlestu fólki. Inn á ritstjórnir fjölmiðla koma stundum myndir sem sýna limlest fólk en undantekningarlaust er tekin ákvörðun um að nota ekki slíkar myndir, heldur eru valin myndskreið sem sýna annað.

Rétt er að benda fjölmiðlafólki á eða vara það við því sem blasir við á vettvangi áður en því er hleypt inn á hann og taka fram að þar séu hlutir sem ekki sé æskilegt að birta. Með því hefur fjölmiðlum í raun verið hleypt inn á vettvang með skilyrðum. Samvinna og samstarf er alltaf betri en stífni og bönn. Ef menn telja ekki mögulegt vegna aðstæðna að hleypa fjölmiðlum strax inn á vettvang en telja að það verði hægt síðar, er rétt að segja fjölmiðlum það í stað þess að segja bara nei. Almenna reglan á að vera sú að hleypa fjölmiðlum eins nálægt vettvang eins fljótt og hægt er hverju sinni og miða í þeim efnum eingöngu við það hvort vera fjölmiðla á staðnum myndi tefja björgun eða spilla vettvangi.

Fjölmiðlar munu eftir atvikum hafa samband við eftirtalda aðila

- Flugmálastjórn
- Lögreglu
- Landhelgisgæslu
- Björgunarsveitir
- Almannavarnir
- Heilbrigðisstofnanir
- Flugfélag / fyrirtæki
- Rauða krossinn
- Vitni
- Fórnarlömb / ættingja

Ef útlendir aðilar eiga aðild að slysi munu útlendir fjölmiðlar eftir atvikum einnig hafa samband við alla þessa aðila. Rétt er að hafa í huga að hafa ber í heiðri allar sömu vinnureglur hvað varðar samskipti við útlenda og innlenda fjölmiðla og ef allir þeir sem lenda í hópslysi væru Íslendingar. Á þetta er bent vegna þess að það er ákveðin tilhneiging til þess að vera frjálsslegri í birtingu mynda og upplýsinga ef um útlendinga er að ræða. Í vissum tilvikum er það réttlætanlegt, þ.e. ef öruggt er að ekki er verið að birta hér á landi nöfn látinna osfv. sem gæti sært ættingja fórnarlambanna sem kunna að búa hér á landi. Öruggst er að umgangast upplýsingar með sama hætti og ef um Íslendinga væri að ræða, jafnvel þótt útlendingar séu vanari því en við að fréttu það fyrst í fjölmiðlum að ættingjar þeirra hafi lent í slysi og slasast eða látist.

Fyrir utan að svara beinum fyrirspurnum frá fjölmiðlum, ætti sá sem sér um tengslin við fjölmiðla, að senda reglulega út fréttatilkynningar eftir því sem mynd atburða skýrist. Þetta geta verið tilkynningar sem eru sendar út á allt niður í klukkustundar fresti. Í tilkynningum sem þessum skal eingöngu skýra frá hreinum og klárum staðreyndum og hvar hægt er að afla frekari upplýsinga.

Í fréttatilkynningum verður að gæta þess að ekki sé gefið í skyn að ekkert hafi verið gert, þegar undirbúningur eða eftirgrennsan var í raun hafin, þótt t.d. fullkomin leit hafi ekki verið byrjuð fyrr en að tilteknum tíma liðnum. Yfirleitt skal haft í huga að fréttatilkynning valdi ekki getgátum eða verði til þess að önnur mynd er dregin upp af atburðum en sú raunverulega. Menn verða að muna að yfirleitt vita þeir sem fá fréttatilkynninguna ekki það sem er verið að segja í fréttatilkynningunni. Þess vegna má ekki sleppa neinu sem gert hefur verið – jafnvel þótt það virðist ekki vera mikilvægt. Það er mjög mikilvægt að rekja feril aðgerða frá upphafi, allt frá því eftirgrennsan hefst eða frá því neyðarkall berst.

